

ÁRSSKÝRSLA 2002



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN
2003

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Ársskýrsla 2002.

Ritstjórn: Sigrún Klara Hannesdóttir (ábm.), Þórir Ragnarsson og Örn Hrafnkelsson.

STJÓRNSÝSLA	6
Embætti landsbókavaraðar.....	6
Stjórn.....	6
Safnráð.....	6
Ný lög um skylduskil.....	7
Úr stólnum.....	7
Fyrsti vinnudagur ársins.....	7
Tengsl við Háskóla Íslands.....	8
Þjóðmenningarhús.....	9
Galdrar í Þjóðarbókhöðu.....	9
Samstarf milli Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri og Landsbókasafns.....	9
Mötuneyti.....	9
Heilsuverndarmál.....	10
Samkeppni um útilistaverk.....	10
Þjónustusamningur um rafræn gagnasöfn og tímarit.....	10
Stafrænt þjóðbókasafn og Stafrænt háskóla- og rannsóknabókasafn.....	10
Vefur safnsins.....	11
Landskerfi bókasafna.....	11
Samtök um Barnamenningarstofnun.....	11
FJÁRMÁL	11
Próun fjármála og fjárveitinga.....	11
SJÓDIR OG STYRKIR	12
Rannsóknarleyfi.....	13
AÐFANGAÐEILD	13
Skylduskil.....	13
Ritakaup.....	14
Tímaritahald.....	14
Bókasafnsfulltrúar/bókasafnsnefndir deilda.....	15
Keyptur aðgangur að gagnasöfnum um Netið.....	15
Gjafir.....	16
Ritaskipti og rit alþjóðastofnana.....	16
Samskrá um erlend tímarit.....	16
NOSP.....	17
Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN).....	17
Alþjóðlegt tímaritanúmer (ISSN).....	18
Rannsóknarleyfi.....	18
HANDRITAÐEILD	18
Hlutverk.....	18
Stöðugildi.....	18
Afgreiðsla handrita.....	19
Aðföng.....	19
Sýningar.....	20
ÚTGÁFA OG VINNA VIÐ SÉRVERKEFNI	25
ÚTLÁNAÐEILD	26
Hlutverk.....	26
Afgreiðslutími.....	26
Starfsmenn.....	27
Notendaþjónusta/afgreiðsla.....	27
Notendakannanir.....	27
Útlán.....	27

Útgáfa.....	28
Ritakostur.....	29
Lesrými.....	29
Námsbókasafn.....	30
Millisafnalán.....	30
Útibú utan Þjóðarbókhöðu.....	31
UPPLÝSINGAEILD.....	33
Hlutverk.....	33
Upplýsingaþjónusta.....	33
Handbókarými.....	34
Aðgangur að rafrænum gögnum.....	34
Vefur safnsins.....	34
Notendafræðsla.....	34
Bæklingar.....	35
Starfsmenn.....	36
Önnur verkefni.....	36
Tón- og mynddeild.....	36
ÞJÓÐDEILD.....	37
Bókminjasafn.....	37
Sérsöfn.....	Error! Bookmark not defined.
KVENNASÖGUSAFN ÍSLANDS.....	38
STOÐDEILDIR.....	40
Bókbandsstofa.....	40
Myndastofa.....	40
Viðgerðarstofa.....	40
Fjölföldun og fjölföldunarstofa.....	41
Tölvuþjónusta – Upplýsingakerfi Landsbókasafns.....	41
Kerfisþjónusta.....	41
Rafræn gögn og landsaðgangur.....	42
ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI.....	42
VESTNORD (Tímarit og blöð á Netinu).....	42
Ráðstefnan „Digitization and delivery of cultural material“.....	43
Vefsöfnun.....	43
Alþjóðleg verkefni.....	44
REKSTUR HÚSS OG LÓÐAR.....	44
Hlutverk.....	44
Framkvæmdir.....	44
Þrif.....	45
Ýmislegt.....	45
Lóð.....	46
Varaeintakasafn í Reykholti.....	46
FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, NÁMSKEIÐ OG KYNNISFERÐIR.....	47
FÉLAGS- OG NEFNDASTÖRF.....	51
RITVERK OG ERINDI.....	52
ÚTGÁFURIT SAFNSINS.....	55
SÝNINGAR OG SAMKOMUR.....	56
Janúar –febrúar.....	56
Mars.....	56
September.....	56
Nóvember.....	56

Desember	57
Þjóðmenningarhúsið	57
TÖFLUR	58
Tafla 1: Aðföng 2000–2002.....	58
Tafla 5: Millisafnalán 1995–2002.....	59
Tafla 9: Upplýsingaþjónusta 1995–2002.....	59
Tafla 10: Þjónusta í tón- og mynddeild 1997–2002.....	59
Tafla 14: Rekstrargjöld 1995–2002 (í þús. króna).....	60

Stjórnarsýsla

Embætti landsbókavörðar

Einar Sigurðsson landsbókavörður lét af störfum 31. mars árið 2002 en hann hafði gegnt því starfi frá opnun Þjóðarbókhöðunnar 1. desember 1994. Þar á undan var hann háskólabókavörður um árabil. Nýr landsbókavörður tók við embættinu 1. apríl en það er dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, sem áður var framkvæmdastjóri NORDINFO, Norræns ráðs um vísindalegar upplýsingar í Helsinki, Finnlandi, 1998–2002 og þar áður prófessor í bókasafns- og upplýsingafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Stjórn

Ný stjórn var skipuð fyrir Landsbókasafn í nóvember 2002 til fjögurra ára. Hún tók við af þeirri stjórn sem setið hafði frá 1. september 1998 (sjá ársskýrslu fyrir 2001). Í nýju stjórninni sitja Hörður Sigurgestsson formaður, skipaður af menntamálaráðherra, prófessorarnir Anna Soffía Hauksdóttir og Hjalti Hugason, fulltrúar Háskóla Íslands, Eydís Arnviðardóttir, tilnefnd af Upplýsingu – Félagi bókasafns- og upplýsingafræða, og Vilhjálmur Lúðvíksson frá RANNÍS. Fulltrúi starfsmanna er Sjöfn Kristjánsdóttir. Samkvæmt lögum er það verkefni stjórnar að marka bókasafninu stefnu, hafa umsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlana safnsins og hafa eftirlit með starfsemi þess.

Safnráð

Safnráð skipa forstöðumenn deilda: Áslaug Agnarsdóttir, Guðrún Karlsdóttir, Halldóra Þorsteinsdóttir, Kristín Bragadóttir, Þorleifur Jónsson og Ögmundur Helgason og auk þess Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður, Edda G. Björgvinsdóttir fjármálastjóri og Herdís Þorgrímsdóttir starfsmannastjóri. Einar Sigurðsson landsbókavörður sat í safnráði fram til 31. mars 2002 en þá tók núverandi landsbókavörður, Sigrún Klara Hannesdóttir, við setu í safnráði.

Fundur safnráðs urðu alls 22 á árinu 2002. Í árslok hafði ráðið haldið 272 fundi frá því það tók til starfa seint á árinu 1994. Þegar starfstíma fráfarandi landsbókavörðar lauk hafði safnráðið haldið sjö fundi á árinu.

Stefnumótunarvinna

Unnið var markvisst að nýrri stefnumótun fyrir Landsbókasafn á árinu. Þessi vinna hófst með málþingi með Háskóla Íslands 3. maí og var síðan haldið áfram með “Stefnumótun í stórum hópi” sem fram fór á Hótel Borgarnesi 31. maí – 1. júní. Þangað fóru 35 aðilar og unnu saman í einn sólarhring undir stjórn Davíðs Lúðvíkssonar frá Samtökum iðnaðarins. Hópurinn samanstóð að einum þriðja frá Háskóla Íslands, einum þriðja frá Landsbókasafni og einum þriðja af öðrum aðilum sem gátu talist væntanlegir notendur, t.d. frá rannsóknastofnunum, öðrum háskólum og atvinnulífinu. Komu alls 92 hugmyndir út úr þessari vinnu og var skýrsla gerð undir heitinu *Þekkingarveita á norðurslóð* þar sem hugmyndum þátttakenda var raðað í forgangs röð. Að því loknu hófst mikil vinna við að safna saman verkefnahugmyndum innan húss frá starfsfólki og að kortleggja verkefni sem unnin höfðu verið að hluta en ekki tekist að ljúka.

Með þennan gagnabanka að veganesti vann safnráðið að því að móta stefnu til næstu ára. Stefnan var síðan samþykkt af stjórn safnsins í mars 2003 undir heitinu *Þekkingarveita á norðurslóð*.

Ný lög um skylduskil

Ný lög um skylduskil voru samþykkt á Alþingi 7. mars. Þau taka gildi 1. janúar 2003. Stærstu breytingarnar frá fyrri lögum felast í því að við hafa bæst verk á nýjum miðlum. Auk prentaðra rita og hljóðrita er Landsbókasafni nú skylt að varðveita stafræn verk, verk gefin út á almennu tölvuneti (þ.e. íslenskar vefsíður), örgögn og skyggjur.

Einnig verður sú meginbreyting að Kvikmyndasafn Íslands bætist við sem móttökusafn og varðveislusafn. Fyrri lög miðuðu aðeins við Landsbókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri. Kvikmyndasafnið veitir kvikmyndum viðtöku, svo og efni sjónvarps og hljóðvarps.

Úr stólnum

Landsbókavörður hefur sent út stutta pistla nær vikulega um það sem er efst á baugi innan safnsins á hverjum tíma. Lífleg skoðanaskipti hafa orðið vegna þessa og starfsmenn hafa komið fram með sínar skoðanir og viðhorf. Alls voru sendir út 29 pistlar á árinu.

Fyrsti vinnudagur ársins

Safnið hefur frá og með árinu 1997 verið haft lokað fyrsta vinnudag ársins, sem að þessu sinni bar upp á miðvikudaginn 2. janúar. Þetta var því í sjötta sinn sem þessi háttur er á hafður.

Starfsmenn sinntu fram eftir degi ýmsum innri störfum, og kerfin í húsinu voru prófuð. Deginum lauk að vanda með samkomu í veitingastofunni fyrir starfsmenn og stjórn. Landsbókavörður flutti þar sitt síðasta áramótaávarp. Hann fjallaði þar um nokkur þeirra mála sem mestu skipta í starfsemi safnsins og þjónustu um þessar mundir, svo sem framkvæmd landssamninga um rafræn gögn, nýtt bókasafnskerfi, íslenskun á flokkunar- og efnisorðakerfum, færslu efnis í stafrænt form, ný lög um skylduskil sem taka gildi í ársbyrjun 2003, nýja aðstöðu fyrir varaeintök, endurnýjaða heimasíðu safnsins, svo og innri vef þess sem komið var upp á árinu 2001 undir heitinu *Inngangur*. Þá fór landsbókavörður yfir helstu efnisatriði í nefndarátliti um viðbyggingu við Þjóðarboðhlöðu sem menntamálaráðherra gekkst fyrir í samræmi við ákvæði í stefnumótun safnsins frá 1999. Lokaorð ávarpsins voru sem hér segir:

„Eins og ég hef vikið að fyrr í máli mínu á Landsbókasafn, svo sem eðlilegt er, ríka aðild að þeim stóru verkefnum sem nú er unnið að á vettvangi íslenskra bókasafna og taka flest til landsins alls. Safnið er líka vel undir það búð að takast á við slík meginverkefni, ekki síður en þau margvíslegu viðfangsefni sem snúa að frumskyldum safnsins og daglegum rekstri. Ný viðfangsefni kalla stöðugt á að við þeim sé brugðist, og svo mun ávallt verða. Þeir byrjunarörðugleikar sem eðlilegt er að fylgi sameiningu tveggja stofnana og flutningi í nýtt hús eru að baki, og starfsemin hefur mótast miðað við hinar nýju aðstæður. Safnið stendur því sterkara nú en nokkru sinni áður. Þar eiga vitaskuld starfsmenn safnsins ríkastan hlut að máli, og kemur hvort tveggja til, atbeini gamalgróinna og reyndra starfsmanna sem hafa bæði með reynslu sinni í starfi og með formlegri þjálfun stöðugt aukið færni sína, svo og hitt að safninu hafa smám saman bæst nýir og öflugir liðsmenn. Það eru því allar forsendur til að álykta að safnið muni eiga velgengni að fagna á næstu árum, enda er þróun í þekkingarmiðlun nú stórfelldari en oftast áður og gnægð ögrandi viðfangsefna fram undan.

Ég vil að svo mæltu þakka stjórn safnsins og starfsmönnum fyrir samvinnuna á liðnu ári, með óskum um að safninu og starfsfólki þess megi vel vegna á því ári sem nú fer í hönd.“

Tengsl við Háskóla Íslands

Háskólaþjónusta

Eins og fram kemur í skýrslu ársins 2001 var á því ári tekin upp sú nýbreytni að til viðbótar hefðbundinni notendafræðslu hefði tiltekinn starfsmaður safnsins beint samband við kennara og aðra starfsmenn deilda háskólans til að kynna þeim nýjungar og þjónustuframboð á vegum safnsins. Sveinn Ólafsson tókst þetta á hendur, jafnframt störfum sínum við kerfisþjónustu. Skilaði hann landsbókaverði stuttri skýrslu um árangur af þessari nýbreytni mánuðina september 2001 til mars 2002. Á ýmsu gekk um það hvernig tókst að ná sambandi inn í hinar ýmsu deildir og einingar háskólans. Eins og vitað var reyndust óskir og þarfir þeirra sem á annað borð náðist samband við vera ærið ólíkar. Meðal þess sem stungið var upp á er að í safninu verði sérstakur tengill við hverja deild í háskólanum. Það hlýtur hins vegar ávallt að vera álitamál hversu langt eigi að ganga í „ágengri“ þjónustu. Ályktunarorð starfsmannsins voru þessi: „Nú þegar starfað hefur verið að þessum málum í vetur lít ég þannig á að samstarf við bókasafnstengla deildanna hafi verið eins mikið og á varð kosið, að þeir hafi ekki kallað eftir frekara samstarfi en orðið er. Þetta er hið formlega samstarf, og ég tel að miklir möguleikar séu enn í tengslastarfi, en þá utan þessa formlega samstarfs.“

Málþing

Þann 3. maí hélt safnið málþing með Háskólanum þar sem deildarforsetum var boðið að koma með óskir sínar um sérstaka þjónustu sem safnið gæti veitt. Var málþingið vel sótt og menn tjáðu sig um sérþarfir sinna deilda. Þetta málþing var síðan notað sem grunnur að stefnumótunarvinnu, sbr. það sem sagt er hér að ofan.

Háskólafundur

Landsbókavörður er fulltrúi Landsbókasafns á háskólafundum. Á háskólafundum 1. nóvember flutti landsbókavörður erindi sem kallaðist: *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, stefna þess og tengsl við deildir og stofnanir Háskólans*. Fjallað var um samskipti safnsins og Háskólans og helstu hugmyndir og óskir sem fram höfðu komið bæði á málþingi og stefnumótunarfundi og vandamál sem þyrfti að leysa í sameiningu. Meðal vandamála er t.d. að ritakaupafé sem deildir eiga nú að láta af hendi rakna til safnsins hefur ekki hækkað með auknum nemendafjölda. Einnig skortir fé til að byggja upp bókakost á þröngum sviðum til að styrkja rannsóknir og framhaldsnám.

Tengiliðir

Til þess að auðvelda samskipti safnsins og einstaklinga innan Háskólans hefur safnið þrjú tengiliði sem háskólamenn geta snúið sér til í þeim tilgangi að koma fram með óskir sínar. Þetta eru Áslaug Agnarsdóttir, forstöðumaður útlánadeildar, Halldóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður upplýsingadeildar og Þorleifur Jónsson, forstöðumaður aðfangadeildar. Þessir starfsmenn eru háskólamönnum vel kunnir og veita aðstoð eftir því hvort þörf er fyrir að pantast efni, afla upplýsinga eða bjóða aðra þjónustu.

Heimildaleitir gegn gjaldi

Í framhaldi af viðræðum við deildarforseta hefur Landsbókasafn boðið tveimur deildum Háskólans, félagsvísindadeild og viðskipta- og hagfræðideild, upp á sérhæfða upplýsingaþjónustu gegn gjaldi. Gátu aðilar frá þessum deildum sent inn beiðnir um umfangsmiklar heimildaleitir t.d. í tengslum við ný rannsóknarverkefni eða ef mikillar heimildaöflunar var þörf. Í byrjun var þetta tilraunaverkefni en nú stendur þessi þjónusta einnig öðrum deildum Háskólans til boða.

Aðgengissetur fyrir fatlaða stúdenta

Þann 17. maí var undirritaður samningur milli Landsbókasafns og Námsráðgjafar Háskóla Íslands um svokallað *aðgengissetur fyrir fatlaða stúdenta*. Markmið samningsins er að auka þjónustu við fatlaða stúdenta og samnýta húsnæði og tækjabúnað sem Landsbókasafn og Námsráðgjöf hafa yfir að ráða. Gert er ráð fyrir tveimur herbergjum, öðru ætluðu blindum og sjónskertum en hinu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga og nemendur með sérstaka námsörðugleika.

Stefnumótun í starfi bókasafns heilbrigðisvísindagreina Háskóla Íslands

Óskað var eftir tilnefningu frá Landsbókasafni til vinnu við stefnumótun í bókasafns- og upplýsingamálum í heilbrigðisvísindagreinum. Áslaug Agnarsdóttir var skipuð í þessa nefnd af hálfu safnsins.

Þjóðmenningarhús

Einar Sigurðsson landsbókavörður og Sveinn Einarsson forstöðumaður Þjóðmenningarhúss undirrituðu 15. mars samning um bókminjasafn sem er eign Landsbókasafns og komið hefur verið fyrir í hinum gamla lestrarsal hússins. Þeir undirrituðu 19. mars yfirlýsingu um samstarf milli stofnananna, sýningar í bókasalnum o.fl.

Galdrar í Þjóðarbókhöðu

Í tengslum við Menningarnótt 17. ágúst bauð Landsbókasafn upp á ýmiss konar dagskrár undir yfyrskriftinni *Galdrar í Þjóðarbókhöðu*. Boðið var upp á upplestur á draugasögum, Strandamenn sögðu galdrasögur, sýning var á handritum af galdrabókum og utan dyra fór fram andlitsmálun fyrir börn og einnig veiddu þau málshætti upp úr síkinu. Mikil aðsókn var að safninu þennan dag og komu margir þangað í fyrsta sinn.

Samstarf milli Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri og Landsbókasafns

Þann 18. maí var undirritað viljayfirlýsing um samstarf milli Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri og Landsbókasafns. Tilgangur samvinnunnar er „að stuðla að ítarlegri skráningu og viðeigandi varðveislu á myndum, bókum, skrifum, handritum, bréfum, blaðaúrklippum og öðrum þeim gögnum er varða Gunnar Gunnarsson.“

Mötuneyti

Hörður Valdimarsson, sem verið hefur matreiðslumaður í safninu frá upphafi, sagði upp samningi um rekstur veitingastofunnar frá áramótum en óskaði eftir að halda áfram rekstri mötuneytis. Var leitað eftir rekstraraðila fyrir veitingastofuna eingöngu en það reyndist ómögulegt þar sem aðeins er eitt eldhús í byggingunni. Var samningnum við Hörð því sagt upp í september með sex mánaða fyrirvara. Hörður hætti rekstrinum frá áramótum og nýr matreiðslumaður tók þá við, Axel Ó. Þorleifsson.

Heilsuverndarmál

Fyrirtækið Heilsuvernd hefur annast fjarvistaraskráningu vegna veikinda starfsfólks. Í yfirliti um þetta efni frá Heilsuvernd fyrir árið 2002 kom í ljós að meðaltalsfjarvistir voru 13,2 dagar á árinu fyrir hvern starfsmann og höfðu aukist frá fyrra ári en þá voru 12,5 fjarvistir á mann. Er þetta talsvert hærra en hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum öðrum sem Heilsuvernd skráir fyrir en meðaltal þeirra var 9,1 á árinu. Einnig vekur það athygli að 16 starfsmenn safnsins voru fjarverandi í 20 daga eða fleiri á árinu.

Félag háskólakennara hefur ítrekað dregið í efa lögmæti verksamnings milli Heilsuverndar ehf og Landsbókasafnsins, einkum með álitserð Gísla Tryggvasonar, framkvæmdastjóra BHM, dags. 1. ágúst, 2002. Starfsmenn hafa einnig verið ósáttir við þennan samning og var því samningi við Heilsuvernd um fjarvistaraskráningu sagt upp 19. desember og tók uppsögnin gildi frá 28. febrúar 2003.

Samkeppni um útilistaverk

Þann 4. maí 2001 var Landsbókasafni veittur styrkur úr Listskreytingasjóði ríkisins til að kosta undirbúning að samkeppni um útilistaverk við Þjóðarbókhöðuna. Í dómnefnd voru skipaðir fimm fulltrúar, tveir fulltrúar frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Guðrún Einarsdóttir og Halldór Ásgeirsson og þrír fulltrúar frá Landsbókasafni, Hallsteinn Sigurðsson, Manfreð Vilhjálmsson, arkitekt hússins, og Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður og var hún kjörin formaður dómnefndar. Trúnaðarmaður samkeppninnar var Ásmundur G. Vilhjálmsson.

Þann 3. apríl 2002 auglýsti Landsbókasafn eftir tillögum um gerð útilistaverks fyrir framan Þjóðarbókhöðuna að sunnanverðu. Í samkeppnina bárust alls 58 tillögur. Eftir ítarlega skoðun komst dómnefnd að þeirri niðurstöðu að engin þessara tillagna uppfyllti þær væntingar sem gerðar voru um listaverk á umræddum stað og því var öllum tillögnum hafnað.

Þjónustusamningur um rafræn gagnasöfn og tímarit

Í desember 2002 undirrituðu menntamálaráðherra og landsbókavörður þjónustusamning um framkvæmd samninga um landsaðgang við rétthafa rafrænna gagnasafna og útgefendur rafrænna tímarita. Samningurinn er til fjögurra ára og uppeggjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Jafnframt leggur hið opinbera til 20 milljónir til að greiða niður kostnað við áskriftir og starfsmannahald. Landsbókasafni er falið að innheimta af söfnum og stofnunum það sem á vantar. Jafnframt var skipuð ný innkaupanefnd sem tekur ákvarðanir um innkaup á efni, ákveður kostnaðarskiptingu milli helstu notendahópa, tekur þátt í samningagerð og fylgist með þróun á sviði rafrænnar upplýsingamiðlunar.

Stafrænt þjóðbókasafn og Stafrænt háskóla- og rannsóknabókasafn

Tvö þróunarverkefni hafa verið sett á laggirnar í safninu og er þeim einkum ætlað að samræma og samhæfa þau verk sem unnin eru dreift eins og sakir standa. Stafræna þjóðbókasafninu er ætlað að gera rafrænt efni sem tengist þjóðararfinum aðgengilegt í gegnum sameiginlega gátt á vefnum. Mikið efni hefur nú þegar verið fært í stafrænan búning og má þar nefna *Sagnanetið* þar sem um 400 þúsund blaðsíður af handritum og prentuðu efni sem tengist Íslendingasöggunum er aðgengilegt í gegnum vef safnsins og *VESTNORD* sem er yfirfærsla á gömlum, íslenskum tímaritum og dagblöðum í stafrænt form. Margt annað efni er til í stafrænu formi, svo sem ýmiss konar bóka- og heimildaskrár sem gerðar hafa verið en eru ekki enn þá aðgengilegar á vef. Stafræna háskóla- og rannsóknabókasafnið er að grunni til hvar.is vefsetrið þar sem lands-

aðgangur að tímaritum og gagnasöfnum er kjarninn í þjónustunni en margt annað er í bígerð sem kemur Háskólanum og rannsóknasamfélaginu til góða.

Vefur safnsins

Vefur safnsins (<http://www.bok.hi.is>) hlaut sérstaka veforðu sem Upplýsing – Félag bókasafns- og upplýsingafræða veitir árlega besta vefsetri bókasafns eða upplýsingamiðstöðvar á Íslandi. Í niðurstöðum dómnefndar segir: „Vefur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er snyrtilegur, hönnun er einföld og skipulag gott. Myndefni er takmarkað, sem er kostur. Vefurinn er uppfærður reglulega og tenglasafn er gott.“

Landskerfi bókasafna

Ekki tókst að innleiða nýtt bókasafnskerfi á árinu 2002 eins og vænst hafði verið en mjög mikil vinna var lögð í yfirfærslu gagnanna af hálfu starfsfólks safnsins og starfsmanna Landskerfisins. Ríkið er eigandi að hálfu leyti að hlutafélaginu sem rekur kerfið og sveitarfélögin eiga hinn helminginn. Áætlaður rekstrarkostnaður kerfisins er um 75 milljónir kr. á ári og er Landsbókasafn langstærsti greiðandi að þeim hluta þjónustugjalds sem ríkið leggur til. Á áætlun er að kerfið verði tekið í gagnið 19. maí 2003.

Samtök um Barnameningarstofnun

Samtök um Barnameningarstofnun voru stofnuð í Þjóðarbókhöllu 16. nóvember. Markmið Samtakanna er að koma á laggirnar Barnameningarstofnun sem hafi eftirfarandi hlutverk:

- Að safna og auðvelda aðgang að barnameningarefni.
- Að efla rannsóknir á og fræðslu um barnameningu á Íslandi.
- Að miðla upplýsingum um barnameningu á Íslandi og stuðla að tengslum við sambærilegar stofnanir erlendis.

Stjórn samtakanna hefur unnið markvisst að því frá stofnun að afla stofnuninni tekna fyrir starfsmanni.

Fjármál

Þróun fjármála og fjárveitinga

Tölur þær sem hér fara á eftir miðast við verðlag hvers árs um sig. Sértekjur, þ.e. sjálfsaflafé safnsins, koma ekki fram í yfirlitinu, en í *Töflu 14* koma fram heildarútgjöld árunum 1994 (desember) til 2002.

Áætlun Samstarfsnefndar 4. mars 1994:	299.0 millj. kr.
Áætlun fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, mars 1994:	242.0 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1995:	161.8 millj. kr.
Fjárlög 1995:	190.8 millj. kr.
Fjáraukalög 1995:	40.5 millj. kr.
Fjárveiting 1995:	231.5 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1996:	321.3 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1996	248.9 millj. kr.

Fjárveiting 1996:	248.9 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1997:	307.4 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1997:	264.5 millj. kr.
Fjáraukalög 1997:	7.0 millj. kr.
Fjárveiting 1997:	252.0 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1998:	280.2 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1998:	276.6 millj. kr.
Fjáraukalög 1998:	10.0 millj. kr.
Fjárveiting 1998:	296.0 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1999:	346.0 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1999:	296.0 millj. kr.
Fjárveiting 1999:	316.0 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 2000:	388.5 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp 2000:	317.7 millj. kr.
Fjárveiting 2000:	317.7 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 2001:	364.7 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp 2001:	351.5 millj. kr.
Fjárveiting 2001:	351.5 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 2002:	402.4 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp 2002:	378.3 millj. kr.
Fjárveiting 2002:	379.6 millj. kr.

Á árinu 2002 var Ritakaupasjóður H.Í. 47.1 millj. kr., var áður 41.7 millj. kr. Einnig kom 14.0 millj. kr. fjárframlag til safnsins gegnum fjárlög háskólans vegna lengingar opnunartíma, og safnið fékk 0.5 millj. kr. úr launapotti SFR, þannig að raunveruleg fjárveiting frá ríkinu á árinu 2002 var **441.2 millj. kr.**

Sjóðir og styrkir

Andrew W. Mellon

The Andrew W. Mellon Foundation í Bandaríkjunum veitti safninu 28.000 dollara styrk til undirbúningsfunda vegna þróunar norræns vefviðmóts fyrir söguleg tímarit og blöð á sjö tungumálum.

Þjóðhátíðarsjóður

Þjóðhátíðarsjóður veitti kr. 200.000 til viðgerðar á handritinu ÍB 525 8vo (Hymni scholares ad auroram canendi) frá 1697.

Menningarsjóður

Menningarsjóður veitti kr. 500.000 til útgáfu á ritinu *Þar ríkir fegurðin ein.*

NORDINFO

Safnið sótti um styrk til að halda áfram með VESTNORD verkefnið og við síðustu úthlutun á þessu ári fékk safnið 55.300 evrur. Einnig er safnið aðili að tveimur öðrum styrkjum frá NORDINFO, annar snertir áframhaldandi þróun á Nordic Web Archive og hinn greiðir fyrir norrænni samvinnu í tengslum við Internet Archive.

Verslunarfélag Reykjavíkur

Stjórn VR samþykkti að veita kr. 500.000 styrk til Þjóðarbókhöðunnar til að kaupa bækur í vinnumarkaðsfræði fyrir næstu þrjú árin. Styrkurinn er veittur í þrennu lagi, kr. 300.000 fyrsta árið, og svo kr. 100.000 næstu tvö árin á eftir, þ.e. 2003–4.

Rannsóknarleyfi

Samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags háskólakennara, og samningum annarra sambærilegra kjarafélaga, er heimilt að veita starfsmönnum leyfi til framhaldsnáms eða rannsókna allt að tvo mánuði á fjögurra ára fresti. Ákveðin upphæð er á fjárlögum vegna rannsóknarleyfa starfsmanna í fjárhagslega sjálfstæðum stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands. Landsbókasafn hefur notið góðs af þessu, og hafa ferða- og dvalarstyrkir verið nýttir svo sem hér segir á árinu:

Hólmfríður Tómasdóttir	Gamalt óútgefið íslenskt efni í Kanda Manitoba, skráning á sendibréfum, endurminningum og dagbókum í fórum Kanadamanna af íslenskum ættum		2 mán.
Kristín Bragadóttir	Gögn Williards Fiskes við Cornell háskólabókasafnið	Bandaríkin	2 mán.
Ögmundur Helgason	Íslensk handrit í gögnum Konung- lega norræna fornfræðafélagsins í Kaupmannahöfn	Danmörk	1 mán.

Aðfangadeild

Hlutverk aðfangadeildar er að annast uppbyggingu safnkosts bókasafnsins. Þannig annast deildin val og kaup á bókum, tímaritum og öðrum safngögnum svo og ritaskipti, hefur umsjón með skylduskilum íslenskra prentaðra gagna og tekur á móti gjöfum sem berast safninu. Samskrá um erlend tímarit er á vegum deildarinnar sem annast ennfremur samskipti vegna þátttöku Íslands í NOSP og sér fyrir Íslands hönd um úthlutun á alþjóðabóknúmerinu (ISBN) og alþjóðlegum númerum tímarita (ISSN).

Skylduskil

Í skylduskilum er unnið að móttöku, ráðstöfun, frágangi og skráningu nýrra rita jafnarðan og þau berast.

Baráttan við uppsafnaðan vanda í blaða- og tímaritahluta skylduskilanna hélt áfram með góðum árangri á árinu. Bæði hefur verið pakkað ritum sem send voru til

baka frá bókbandi til að spara þar vinnukraft og einnig efni úr safni óheilla rita á vinnusvæði skylduskila og úr geymslum aðalsafns í kjallara. Reynt er að fylla í eldri árganga með því að hafa samband við fornsala og fara í gegnum bókgjafir og gamalt efni úr kjallaranum, allt með nokkrum árangri.

Þjónusta af ýmsu tagi við aðrar deildir safnsins og fleiri er þáttur í starfinu í skylduskilum, og einnig þarf að hafa samband við skilaskylda aðila og svara ýmsum fyrirspurnum um skylduskilin. Við talningu árið 2002 reyndust símtöl vegna innheimtu 511 og fjöldi bréfa vegna innheimtu 296. Fjöldi fyrirspurna í heild vegna skylduskila var á sama tíma 374.

Ný lög um skylduskil til safna voru samþykkt á Alþingi 7. mars 2002 og gengu í gildi 1. janúar 2003. Nefnd þriggja starfsmanna aðfangadeildar samdi að beiðni ráðuneytisins drög að reglugerð um skylduskil til safna og skilaði tillögum sínum í september.

Ritakaup

Fjárveiting til safnsins á fjárlögum vegna ritaöflunar var óbreytt frá fyrra ári, en eins og tölulegu upplýsingarnar sýna var reynt að halda í horfinu með innkaup. Gengisþróunin varð safninu hagstæð í lok ársins. Áberandi var áhugi og þörf nýrra kennslugreina, t.d. greina þar sem verið er að taka upp framhaldsnám, á að auka bókakostinn. Áhersla var lögð á að sinna þeim þörfum eftir því sem kostur var. Sérstök fjárveiting fékkst frá háskólanum vegna fornleifafræðikennslunnar, 350.000 kr., sem kom sér afar vel. Nokkurt átak var gert við söfnun erlends Íslandsefnis sem reynist oft erfið og krefst talsverðrar vinnu.

Árið 2002 var fjárveiting frá einstökum deildum háskólans til safnsins vegna ritakaupa sem hér segir: guðfræðideild, 430.000; læknadeild, 4.000.000; tannlæknadeild, 1.000.000; lyfjafræðideild, 1.400.000; lagadeild, 3.000.000; viðskipta- og hagfræðideild, 5.000.000; heimspekideild, 7.000.000; verkfræðideild, 3.480.000; félagsvísindadeild, 7.602.000; hjúkrunarfræði, 2.000.000; sjúkraþjálfun, 250.000; raunvísindadeild, 11.945.000. Samtals eru þetta 47.107.000 kr. Fénu er varið til uppbyggingar ritakosts á fræðasviði deildanna í samráði við bókasafnsfulltrúa/bókasafnsnefndir og aðra sem málið varðar eftir atvikum.

Tímaritahald

Gott samstarf var við upplýsingadeild um gerð samsteypulista yfir öll rafræn áskriftartímarit á heimasíðu safnsins, tímarit í landsaðgangi og prentuð tímarit. Tímarit, prentuð og rafræn, eru þar í einni stafrófsröð. Auk þess voru gerðir sams konar listar eftir fræðigreinum. Einnig var góð samvinna við þá starfsmenn sem sjá um landsaðgang varðandi ýmis atriði sem snerta áskriftargreiðslur til útgefenda. Meðal rafrænna tímarita sem bættust við á árinu voru tímaritin í JSTOR Business Collection, en rafrænn aðgangur er fyrir allar tölvur Landsbókasafns og háskólasvæðisins. Áskrift er greidd af Hollvinafélagi viðskipta- og hagfræðideildar með stuðningi tveggja fyrirtækja. – Í árslok höfðu verið tengd síðu yfir rafrænar áskriftir safnsins 689 rafræn tímarit, en aðeins eru tengd tímarit þar sem greinar eru aðgengilegar í fullri lengd og fylgst er reglulega með tenglum. – Fylgst er með íslenskum veftímaritum vegna úthlutunar ISSN-númera, og flest þeirra rita sem eru ókeypis eru tengd við heimasíðu safnsins.

Geymslur 3ju hæðar í kjallara eru nú fullar. Starfsmaður tímaritahalds vann m.a. að því að merkja blaðageymslu í kjallara fyrir íslensk dagblöð, landsmálablöð, stúdentablöð og vikublöð og endurraða og að hluta endurskipuleggja geymslu í kjallara fyrir eintök þriðju hæðar af íslenskum tímaritum og skýrslum. Þótt starfsfólk tímaritahalds hafi framvegis umsjón með innröðun í þessa síðasttöldu geymslu helst það ó-

breytt að skylduskil sjá um að senda eintök þriðju hæðar af íslenskum tímaritum til bókbands samtímis eintökum þjóðdeildar.

Sem fyrr voru tímarit flutt í Þjóðarbóklöðu úr flestum útibúum á árinu. Endurskoðað var eyðublað fyrir tímarit sem flytja á og öllum umsjónarmönnum útibúa sent eintak ásamt leiðbeiningum um hvernig ætti að fylla það út og standa að flutningum. – Útibúið í Odda var lagt niður sem slíkt í árslok. Frá fyrri hluta árs 2000 hafði verið farið þangað vikulega með nýjustu hefti valinna tímarita, um 130 titlar samtals, og þau látin liggja frammi.

Í árslok hafði ekki fengist endanleg niðurstaða um fjárveitingu raunvísindadeildar til ritakaupa, en slík niðurstaða þarf ef vel á að vera að liggja fyrir á miðju ári vegna áskrifta tímarita. Svipað var uppi á teningnum árið 2001 sem varð til þess að umstang vegna þessara tímarita jókst mjög og áskriftirnar komust ekki í lag fyrr en komið var fram á vor 2002: greiðslum seinkar, áskriftir falla niður og rafrænn aðgangur dettur út. Það er fyrrsjáanlegt að þessi vandi verður enn til staðar fyrri hluta árs 2003.

Bókasafnsfulltrúar/bókasafnsnefndir deilda

Samkvæmt samþykkt háskólaráðs frá því í desember 1998 starfa bókafulltrúar eða bókasafnsnefndir í deildum háskólans, og er hlutverk þeirra „að hafa yfirsýn yfir þarfir viðkomandi deilda fyrir þjónustu safnsins og leita samráðs við safnið um það hvernig megi efla hana“ og „að gera tillögu fyrir hönd deildar um skiptingu og ráðstöfun ritakaupafjár.“ Tengiliðir af hálfu safnsins eru forstöðumenn útlánadeildar, upplýsingadeildar og aðfangadeildar.

Keyptur aðgangur að gagnasöfnum um Netið

Í flestum tilvikum er ekki um að ræða eiginleg kaup á gögnum heldur er samið um kaup á aðgangi að tilteknum gögnum í tiltekinn tíma með ákveðnum skilyrðum. Í árslok 2002 var aðgangur að gagnasöfnum með þeim hætti sem hér segir:

A. Landsaðgangur (þ.á m. er aðgangur að öllum tímaritum nokkurra stórra tímaritaútgefenda):

Britannica Online • Grove's Dictionaries (Macmillan) • IDEAL (Academic Press) • Ingenta (Blackwell) • Karger • Kluwer Online • LINK (Springer) • Literature Online • ProQuest5000 • ProQuest Learning Literature • ScienceDirect (Elsevier) • Synergy (Blackwell) • Web of Science (ISI).

Sjá nánar um landsaðganginn í sérstökum kafla.

B. Aðgangur í félagi við aðra (aðgangur frá tilteknum IP-tölum):

CSA – Cambridge Scientific Abstracts, ásamt EconLit CSA, GeoRef CSA og ARTbibliographies Modern • Ei Engineering Village 2 • MD Consult • Ovid, nokkrir bókræðigrunnar og tímaritasöfn, þ.m.t. PsycInfo, Cinahl og OpenLinks • CRC Press Handbooks.

C. Safnið eitt eða safnið og Háskóli Íslands í heild eða deildir hans (aðgangur með notendanafni/aðgangsorði eða frá tilteknum IP-tölum):

Global Books in Print • Historical Abstracts • ISSN Register • JSTOR Business Collection • Karnovs Lovsamling og UfR • LISA • Lovdata CELEX • MathSciNet (AMS) • MLA • Morgunblaðið, gagnasafn • Norart • Philosopher's Index • PROLA (Phys. Rev. Online Arch.; AIP) • Réttarríkið (Hæstaréttardómar) • SwetsNetNavigator (Electronic Journal Service) • UN Optical Disk System (rit Sameinuðu þjóðanna) • UN Treaty Collection (UNTC) • UNSTATS Common Database • WebDewey • Þjóðskráin.

Ennfremur skal minna á tímarit/ársrit til viðbótar þeim sem eru í landsaðgangi, þ.e. staka titla í áskrift hjá útgefendum eða tímaritasölum.

Gjafir

Fjöl margar bókagjafir bárust safninu á árinu, mun fleiri en svo að þær verði allar taldar hér. Þótt ekki hafi reynst unnt að vinna úr þeim öllum sem skyldi enn sem komið er gekk það starf venju fremur vel seinni hluta ársins vegna aukins atbeina við aðfangaskráningu; t.a.m. var lokið við að aðfangaskrá hina miklu mannfræðibókagjöf frá Alfred og Grace Gredys Harris sem safninu barst árið 2001. Jöfnum höndum er unnið að því að ganga frá eldri gjöfum sem hafa beðið.

Gorizia, Málfræðifélag Friuliu og Il Gazzettino d'Islandia í Reykjavík gáfu um 100 ítalskar bækur.

Sendiráð Spánar í Osló gaf um eitt hundrað bindi bóka á spænsku. Gjöfin var afhent um hendur Margrétar Jónsdóttur lektors í spænsku. Hér er um að ræða nýlegar bækur, mest bókmenntir.

Nokkur hundruð bækur úr eigu Sigurðar Nordals prófessors, mest íslensk rit, bárust safninu að gjöf frá afkomendum hans. Verður þetta efni fellt inn í safnkostinn smám saman.

Samtök iðnaðarins gáfu hluta bókasafns síns. Þar var um að ræða íslensk tímarit og skýrslur, mest innbundið; auk þess talsvert af íslenskum bókum. Þetta efni bíður úrvinnslu.

Hér verða taldir nokkrir gefendur aðrir frá árinu 2002, en því fer fjarri að hér sé um tæmandi lista að ræða:

Arngrímur Sigurðsson (ættfræðirit). – Árni Blandon Einarsson (erlend rit og íslensk, mest bókmenntir). – Áslaug Agnarsdóttir. – Áslaug Ottesen (erlend rit). – Birgit M. Braun. – Beatrice Bixon (guðfræðirit). – Bjarki Elíasson. – Bóksala stúdenta. – Bragi Jóseppson. – Bæjar- og héraðsbókasafnið, Selfossi. – Böðvar Kvaran. – Danska sendiráðið. – Eysteinn Björnsson. – Finnsla sendiráðið. – Friðrik Þórðarson. – Guðlaugur Arnaldsson (bækur úr dánarbúi móður hans, Guðbjargar Benediktsdóttur; mest ættfræðirit, tímarit og íslenskar bókmenntir). – Guðrún Kristín Magnúsdóttir (sett 20 myndbanda, ítarefni um tákmal í Eddu). – Hallberg Hallmundsson. – Haraldur Ólafsson (mannfræðirit). – Helgi Haraldsson. – Hildur G. Eyþórsdóttir. – Hólmfríður Gunnarsdóttir. – Jón Aðalsteinn Jónsson (sálmaskrár). – Lars Hörmander (stærðfræðitímarit). – Ingi Þ. Bjarnason. – Jón Axel Harðarson. – Kristín Einarisdóttir (aðallega gögn úr fórum „Samstöðu“, m.a. fréttabréf og smáprent). – Leo Ingason. – Magnús Ó. Magnússon. – Miyako Þórðarson. – Gunnilla og Birgir Möller. – Norræna húsið. – Pétur Ármannsson. – Pro Helvetia (svissneskar bókmenntir). – Reykjavíkurborg (Stjórnartíðindi, Ugeskrift for Retsvæsen o.fl., innbundið). – Sigurður A. Magnússon (aðallega nýgrískar bókmenntir). – Dr. George W. Simons (læknisfræðitímarit). – Símon Ólafsson. – Stefán Ásgeir Guðmundsson. – Sveinn Ólafsson. – Tarmo Tulmar. – Terry Lacy. – Tryggvi Sigbjarnarson. – University of Manitoba Press. – Utanríkisráðuneytið. – Úlfur Friðriksson. – Þór Vilhjálmsson. – Þórdís Bjarney Hauksdóttir. – Þórður Arason. – Þórhallur Vilmundarson (sérprent o.fl. úr eigu föður hans, Vilmundar Jónssonar). – Þórir Þórsson. – Þýska sendiráðið. – Örn Hrafnkelsson.

Ritaskipti og rit alþjóðastofnana

Um stefnu safnsins í ritaskiptum skal vísa til ársskýrslna undanfarinna ára. Árið 2002 var 189.575 kr. varið til kaupa á bókum og tímaritum vegna ritaskipta. Hefðbundnum samskiptum við skiptaaðila er haldið uppi en leitast við að draga enn úr þessari starfsemi, t.a.m. hefur ókeypissendingum tímarita og ritraða farið fækkandi á undanförunum árum.

Stefnt er að því að auka sem mest vefaðgengi að ritum alþjóðastofnana í stað pappíráskrifta þar sem slíkt stendur til boða.

Samskrá um erlend tímarit

Í lok árs 2002 voru þátttökusöfn í Samskrá um erlend tímarit 60 talsins. Þátttökusöfnunum fækkaði á árinu, en bókasafn Landlækniseimbættisins óskaði eftir að segja sig úr samskrá auk þess sem spítalasöfnin, geðdeild Landspítala, Landakot og Borgarspítali

sameinuðust bókasafni Landspítala – háskólasjúkrahúss undir einu samskrártákni, lsh. Í apríl og maí var unnið við að sameina forða þessara safna í samskrá og enn frekari leiðréttingar á forða lsh voru gerðar í nóvember.

Vegna óvissu um nýtt bókasafnskerfi var ekki kallað eftir nýjum upplýsingum frá samskrársöfnunum á árinu, en um 10 söfn fengu þó sent útprent með forða þeirra í Gegni og var unnið við að setja inn leiðréttingar frá þeim jafnóðum og þær bárust. Ljóst er að vinna við samskrá mun verða með öðrum hætti en verið hefur með tilkomu nýs bókasafnskerfis.

NOSP

Samstarf við NOSP var með venjubundnum hætti. Samskráfærslur úr Gegni voru sendar til NOSP fjórum sinnum á árinu, í mars, júní, september og desember, þar af færslur aðeins með ISSN í annað hvert skipti. Reiknað er með að yfirfærslan í desember verði sú síðasta úr núverandi kerfi en næsta yfirfærsla verði úr nýju bókasafnskerfi. Ekki er ljóst hvenær farið verður að senda færslur úr nýju kerfi.

Samkvæmt talningu í nóvember 2002 var heildarfjöldi færslna sem sendar voru til NOSP 12.968, þar af 11.449 færslur með ISSN og 1.519 án ISSN.

Heimilisfangaskrá samskrársafnanna var að venju haldið við og eru allar nýjar upplýsingar um heimilisföng, vefköng og netköng safnanna núorðið sendar jafnóðum til „base Bibliotek“ hjá norska þjóðbókasafninu sem inniheldur heimilisfangaskrá norrænna safna og er aðgengileg á heimasíðu safnsins.

Í október tók Landsbókasafn þátt í að svara fyrir hönd Íslands könnun um notkun safna á NOSP en á niðurstöðum könnunarinnar átti að byggja ákvörðun um áframhaldandi rekstur skrárinnar.

Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN)

Vinna á ISBN-skrifstofunni var með hefðbundnum hætti og breytinga ekki að vænta fyrir en 2003 eða 2004 þegar hinir nýju staðlar um bóknúmer verða tilbúnir, 13-stafa í stað 10-stafa númera sem nú eru notuð.

Ársskýrslu og staðtölum um notkun bóknúmerakerfisins er skilað til Alþjóðaskrifstofunnar í október ár hvert. Breytingar voru gerðar á árinu 2000 á því hvernig tilkynnt er um ný forlög og breytingar á heimilisföngum og þurfti að endurskoða allan gagnagrunninn í framhaldi af því og senda hann til baka leiðréttan. Safnið fékk afrit í ritvinnslu frá Alþjóðaskrifstofunni sem raðað hafði verið nokkurn veginn í rétta íslenska stafrófsröð, en röðun í alþjóðlegu útgefendaskránni (PIID) er óþjál fyrir okkur. Þessi forlagaskrá (540 færslur) hefur nú verið endurskoðuð og urðu á henni miklar breytingar.

Forlagaskrá (handbók) bóknúmeraskrifstofunnar hefur oftari verið endurskoðuð að hluta með samanburði við símaskrá, en í þeirri skrá eru miklu meiri upplýsingar en í skrá fyrir almennan bókamarkað, t.d. um nöfn umsjónarmanna bóknúmera, eigendur og tengsl. Enn er verið að vinna að því að lagfæra þessa skrá og bæta inn nýjum upplýsingum.

Ný notendahandbók (ISBN Users' Manual, 4th revised ed.) kom út 2001. Sú ákvörðun var tekin að leggja ekki vinnu í nýja þýðingu á þessum bæklingi (54 síður) nú vegna þess að hann verður væntanlega úreltur á næstu 2 árum. Flestum notendum kerfisins er nóg að fá litla bæklinginn (4 síður), sem nú er að finna á heimasíðu Landsbókasafns, og er oft vísað á hann með góðum árangri þegar fyrirspurnir berast. Fyrir liggur að lagfæra þennan bækling fyrir nýja útgáfu á næsta ári.

Árið 2002 var úthlutað bóknúmerum fyrir 275 bækur að mestu um síma eða tölvupóst. Titlar og útgefendur eru þá skráðir á skrifstofunni og í lok skylduskilaárs er

titlum flett upp í Gegni og athugað hvort ritin hafa skilað sér og útbúin rukkunarskrá fyrir það sem ekki er komið fram. 42 nýjar 10-númera raðir fóru í umferð á árinu en einnar bókar útgefendur voru 90. Aðeins 5 forlög fengu 100-númera röð en þeir aðilar hafa oftast númerin hjá sér og úthluta sjálfir eins og þeir sem hafa 1000 eða 10000 númer. Safnið hefur þess vegna ekki upplýsingar um útgáfurit þeirra með hjálp bók-númeranna.

Starfsmaður bóknúmeraskrifstofu sótti 30th International ISBN Agency Advisory Panel Meeting í Berlín 13.–15. október 2002. Var það mjög gagnlegt nú þegar mikilla breytinga er að vænta á öllu skipulagi og samskiptum umboðsskrifstofanna við alþjóðaskrifstofuna og einnig vegna breytinga á útgáfuháttum vegna raf- og netvæðingar bókaútgáfunnar.

Alþjóðlegt tímaritanúmer (ISSN)

Í febrúar 2002 lauk vinnu við að fara yfir þær 512 færslur íslenskra tímarita sem skráningarforritið OSIRIS innihélt þegar ISSN-skrifstofan tók til starfa í október 2001, jafnframt því sem leiðréttar og nýjar færslur voru sendar til ISSN í París.

Á tímabilinu maí til ágúst úthlutaði ISSN-skrifstofan 150 ISSN-númerum fyrir gömul íslensk blöð og tímarit sem fara áttu í VESTNORD-gagnagrunninn.

Í september var ákveðið í samráði við starfsmenn í greinaskráningu að úthluta ISSN-númerum fyrir þau tímarit sem þegar höfðu fengið færslu í Greini og sú stefna tekin að úthluta ISSN-númeri jafnóðum og nýtt tímarit væri tekið til greinaskráningar. Var þetta m.a. gert með nýtt bókasafnskerfi í huga. Alls var úthlutað 127 ISSN-númerum vegna þessa á tímabilinu september til desember.

Umsóknir frá útgefendum vegna nýrra tímarita voru 13 talsins, þar af tvær vegna tímarita í rafrænu formi. Að auki fengu 36 tímarit úthlutað ISSN-númeri vegna titilbreytinga eða annarra orsaka að frumkvæði ISSN-skrifstofunnar. Alls var úthlutað sex ISSN-númerum fyrir rafræn tímarit.

Í lok árs var heildarfjöldi færslna í OSIRIS 885. Alls fengu 326 tímarit ISSN-númer á árinu 2002. Nær öll hafa verið skráð í OSIRIS og færslurnar sendar til ISSN í París.

Rannsóknarleyfi

Hólmfríður Tómasdóttir var í rannsóknarleyfi í Kanada 1. apríl til 31. maí 2002. Verkefni hennar var: Gamalt óútgefið íslenskt efni í Manitoba, skráning á sendibréfum, endurminningum og dagbókum í fótum Kanadamanna af íslenskum ættum.

Handritadeild

Hlutverk

Markmið handritadeildar er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Deildin sér til þess að sem tryggilegast sé búið um þennan safnkost og greiðir fyrir notkun hans, m.a. með útgáfu handritaskráa og með því að færa handrit á aðra miðla eftir þörfum. Jafnframt annast deildin kynningu á handritum og þjónustu við safngesti.

Stöðugildi

Stöðugildi eru fjögur.

Afgreiðsla handrita

Handrit eru lánuð á lestrarsal sem er sameiginlegur með þjóðdeild (aðskilinn með glervegg). Handritadeildarmegin eru 18 lesborð. Um fjölda handritálána sjá *Töflu 8*. Ef um lokunarkvaðir er að ræða á því efni sem um er beðið, er það aðeins lánað að fengnu samþykki réttara aðila. Prentaðar handritaskrár, sem pantað er eftir, eru á lestrarsal. Er í þeim að finna bæði efnislykla og mannanafnaskrár.

Aðföng

Haldin er aðfangaskrá, bæði yfir afhent eða gefin og keypt handrit. Um fjölda færslna í aðfangabók á ári hverju, sjá *Töflu 8*.

3. janúar. Sveinbjörn Blöndal, hagfræðingur hjá OECD, afhenti erfðaskrá Finns Jónssonar biskups frá 1784, en hana hafði hann keypt á uppboði í Kaupmannahöfn fyrir skömmu. – 3. janúar. Úlfur Hjörvar rithöfundur afhenti minnisbók föður síns, Helga Hjörvar fræðslumálastjóra, um staðsetningu héraðsskóla í Árnessýslu 1923-27. – 17. janúar. Þór Þorsteins framkvæmdastjóri afhenti hönd Lands sambands íslenskra frímerkjasafnara bréfasafn Björns Karels Þórólfssonar, síðast skjalavarðar í Þjóðskjalasafni, frá árum hans í Kaupmannahöfn. – 18. janúar. Illugi Jökulsson afhenti margvísleg gögn föður síns, Jökuls Jakobssonar leikritaskálds, sem geymd höfðu verið hjá honum. (Hann kvað meira koma síðar frá systkinum sínum). – 23. janúar. Þórður Sigfússon afhenti leikritið *Allt í grænum sjó* úr dánarbúi föður síns, Sigfúsar H. Vigfússonar, rafvirkja og bónda á Geirlandi á Síðu, er ritaði það upp veturinn 1921–22 í Reykjavík. Haraldur Ólafsson prófessor í mannfræði bar handritið saman við prentað eintak og liggur með því greinargerð hans. – 28. janúar. Systkinin Þórður H. Jónsson framkvæmdastjóri VÍS og Ragnhildur Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur afhentu leikritapýðingar móðurbróður síns, Árna Guðnasonar magisters og kennara. Hafa þessi leikrit verið flutt í útvarp, en ekki verið prentuð. – 31. janúar. Kom umslag, sem í var Fundabók undirbúningsnefndar listamannaþings 1945. – 27. febrúar. Aðalgeir Kristjánsson skjalavörður afhenti fyrir hönd Sigurbjargar Ingu Flosadóttur, kandidateitritgerð Flosa Sigurbjörnssonar, föður hennar, „Biskupsdómur Guðmundar góða“, er hann ritaði 1950. – 28. febrúar. Sveinbjörn Blöndal, hagfræðingur hjá OECD, afhenti eiginhandarit Stefáns Thorarensen amtmanns að tillögum hans um fátækramál 1813, sem hann hafði keypt í Svendborg í Danmörku. – 1. mars. Haraldur Jóhannsson í Austurríki sendi dagbók sína frá liðnu ári, sem lögð er með fyrri bókum. – 5. mars. Ólafur Pálmason bókavörður í Seðlabanka Íslands afhenti fyrir hönd Hermanns Ragnarssonar blikksmiðs stílabók með ritgerðum eftir Stefán Jónsson, rithöfund og kennara, frá því hann var í Kennaraskólanum. – 15. mars. Séra Gísli Kolbeins afhenti fyrir hönd Sigurjóns (Sam) Thorkelson í Edminton í Kanada fjölskyldubréf, sem lögð verða með fyrri sendingu, 27.10.2000. – 25. mars. Keypt af Þorvaldi Þór Maríusyni járnmanni handrit með kristilegu efni, svo sem Sunnudagabréfi Jesú Krists og Draumi Péturs postula. – 2. apríl. Kristín Jónsdóttir afhenti ýmis viðbótargögn handrita manns síns, Jóns Óskars skálds (sbr. 19.10.2001). – 4. apríl. Lilja S. Kristjánsdóttir afhenti tónlistarhandrit eiginmanns síns, Siguringa E. Hjörleifssonar, fyrir atbeina séra Sigurðar Árna Þórðarsonar guðfræðings, systursonar síns. – 5. apríl. Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari afhenti dagbók (vikuyfirlitsbók) yfir tímabilið 17. janúar 1999 til 5. janúar 2002, sem verður sameinuð eldri gögnum frá honum, 18. janúar 1999. – 11. apríl. Svava Kristín Jónsdóttir Valfells afhenti 10 bréf frá séra Matthíasi Jochumssyni skáldi til Ágúst H. Bjarnasonar prófessors frá árabílinu 1915-19. Var Matthías langafi Svövu, en tengdamóðir hennar, dóttir Ágúst, gaf henni bréfin. – 18. apríl. Fengið í skiptum við Ragnar Fjalar Lárusson prófast á annan tug handrita, það er 12 bækur, mest með trúarlegum kveðskap, en þó sumar með veraldlegu efni. – 19. apríl. Hrefna Kristmannsdóttir jarðefnafræðingur afhenti handrit að skáldskap móðurömmu sinnar, Ingibjargar Benediktsdóttur (1885–1953) frá Bergsstöðum í Hallárdal. Var það gert með vitneskju móðurbróður hennar, Haralds Steinþórssonar, framkvæmdastjóra BSRB. – 24. apríl. Helena Kadeckova, prófessor við Karls-háskóla í Prag, afhenti gamanvottorð Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar til hennar frá 1965. – 17. maí. Anna Margrét Jónsdóttir tanntæknir afhenti minningabrot í tengslum við skólatannlækningar, bæði sem sjúklingur og starfsmaður. – 29. maí. Hjónin Gunnar Valdimarsson frá Teigi í Vopnafirði og Sólveig Einarisdóttir, kona hans, afhentu – til viðbótar við áður löngu komið efni – kvæðahandrit móður Gunnars, Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu), sem og fimm vérlitúð hefti með efni eftir hana, er þannig eru einkend: Ljóð og ljóðaflokkar, Lausavísur, Ljóðapýðingar, Frásagnir, sögur og gömul ævintýri og Málshættir og spakmæli. – 4. júní. Sigríður Kristín Birnudóttir afhenti fyrir hönd Ljóðmyndasafns Reykjavíkur tvö bréf til Guðmundar Björnssonar landlæknis frá Guðmundi Friðjónssyni skáldi á Sandi og Steingrími Matthíassyni lækni á Akureyri. – 14. júní. Einar Sigurðsson, fyrrverandi landsbókavörður, afhenti gögn úr dánarbúi Gunnars Þ. Guðmundssonar verkamanns í Reykjavík, sem áttaður var frá Breiðafirði. Bjó faðir hans,

Guðmundur Halldórsson, síðast í Ólafsey, og er hluti af þessum gögnum tengdur honum, en um er meðal annars að ræða plögg sem varða dánarbú og húsakaup, en einnig rímur o.fl. – 26. júní. Áslaug Sigurðardóttir, gjaldkeri hjá Náttúrufræðistofnun, seldi safninu Rímur af Tistran og Indíönu. – 6. júlí. Keypt af Jürgen Wenzler í Freiburg in Breisgau „Eine kleine Reise nach Island im Sommer 1880“, eiginhandarrit eftir George John Malcolm, afkomanda Roberts III. Skotakonungs. – 7. ágúst. Utanríkisráðuneytið afhenti ólokna þýðingu W. Glyn Jones að Fjallkirkju Gunnars Gunnarssonar. Fyrsta blað er merkt „The University of Newcastle upon Tyne - Department of German and Scandinavian Studies“. – 14. ágúst. Björk Ingimundardóttir skjalavörður afhenti fyrir hönd Þjóðskjalasafns Rímur af Flórusi svarta, sagðar eftir Guðmund Bergþórsson og Andrés Hákonarson, ritaðar 1882. – 14. ágúst. Björn Jónsson, fyrrverandi sóknarprestur á Akranesi, afhenti bréf frá séra Hálfdan Einarssyni á Eyri við Skutulsfjörð til sonar síns, Helga Hálfðanarsonar, síðar prestaskólakennara. – 15. ágúst. Vilborg Dagbjartsdóttir skáld afhenti mataruppskriftabók systur sinnar, Elsu, frá Húsmæðraskólanum á Hallormsstað veturinn 1938–39. – 22. ágúst. Kom úr Þjóðdeild kver með ljóðmælum Björns Björnssonar á Brúará í Bjarnarfirði á Ströndum, ritað af Halldóri Jónssyni í Miðdalsgröf í Steingrímsfirði. Var kverið í bókasafni Þorsteins Jóseppssonar blaðamanns. – 30. ágúst. Komu úr Þjóðdeild handrit, sem fylgdu bókaþjóf frá Davíð Björnsson, bóksala í Winnipeg. Eru þetta 16 handrit, bundin í bækur, er beinlínis tilheyra honum, æviminningar, erindi og hugleiðingar, skáldskapur og þýðingar, sem og draumar. Til viðbótar eru síðan tvær gjörðabækur, önnur varðandi „Taflfélagið ‘Ísland’“, 1930–33, og hin Karlaóór Íslendinga í Winnipeg 1932–45. Safninu fylgir nákvæm efnisskrá frá hendi Davíðs. – 30. ágúst. Dagný Kristjánsdóttir prófessor, formaður Félags íslenzkra fræða, afhenti tvær fyrstu fundargerðabækur félagsins, 1947–68 og fjórar möppur frá árunum 1964–99. – 2. september. Frederike Christiane Koch í Hamborg afhenti gögn, sem varða meðal annars Íslendinga í Hamborg á síðari hluta 16. og snemma á 17. öld, í sambandi við bók hennar um sama efni. – 5. september. Guðjón Jensson bókavörður afhenti uppskrift af eðlisfræði, sem kennd var á Bændaskólanum á Hvanneyri veturinn 1915–16, og mun vera með hönd Þórðar Bjarnasonar. – 9. september. Sigrún Sigurðardóttir kjólameistari afhenti heiðursskjöl og fleira efni manns síns, Haralds Sigurðssonar bókavardar. – 25. september. Ólafur Jónsson læknir afhenti tvær bækur með uppskriftum afa síns Þorvarðar Þorvarðarsonar prests frá því hann var í guðfræðinámi 1894–97. – 4. október. Ebba I. Magnúsdóttir, kaupkona á Akranesi, afhenti gögn hálfbróður síns, Haralds Jóhannssonar hagfræðings. Er þar nánast eingöngu um að ræða greinar og viðtöl. – 5. október. Jón Viðar Jónsson leikhúsfræðingur og Karl Guðmundsson leikari afhentu leikritabýðingar Indriða Einarssonar, hagfræðings og leikritaskálds. og vélrit að nokkrum verka hans. Einnig afhentu þeir ýmis gögn Hildar Kalman, dótturdóttur Indriða, sem varða þáttagerð og þýðingar í tengslum við störf hennar hjá Ríkisútvarpinu. – 7. október. Kom frá Amtsbókasafninu á Akureyri, um hendur Hólmkels Hreinssonar amtsbókavardar leikritið Aldinmar eftir Sigurð Róbertsson. – 11. október. Sigurður A. Magnússon rithöfundur afhenti eigin handritagögn, sem og mikið bréfasafn. – 14. október. Sólveig Jónsdóttir bókavörður afhenti fyrir hönd Guðlaugar Karlsdóttur, bankastarfsmanns í Seðlabanka, vísnaafn Karls Halldórssonar tollvarðar, föður Guðlaugar. Hann var ættaður frá Hvammstanga, og eru margar vísanna frá hans heimaslóðum. – 24. október. Eygló Ingadóttir og Gunnsteinn Ólafsson tónlistarfræðingur afhentu ýmis gögn Gertrud Colmann frá Freiburg / Breisgau, sem ferðaðist mikið um Ísland um 1970. – 25. október. Dan S. Guðmunsson í Saskatoon í Saskatchewan-fylki í Kanada afhenti sálmasafn í skinnbindi fyrir hönd Sheila Cochlan á sama stað. – 1. nóvember. Ólafur Grímur Björnsson læknir og Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur afhentu dagbækur Guðmundar Eggertssonar, skólastjóra í Kópavogi, frá 1925–49, samtals 10 bækur. Hafði Ólafur Grímur varðveitt bækurnar síðari ár, en Eggert var afbróðir Sigurðar Gylfa í karllegg. – 18. nóvember. Guðmundur Jónsson, dósent í sagnfræði, afhenti ýmis gögn, meðal annars bréf afa síns Guðna Jónssonar prófessors, frá 1920–32, og sitthvað frá föður sínum, Jóni Guðnasyni prófessor, svo sem sögu verklegra framkvæmda á 20. öld í handriti, aðdrætti að ævisögu Skúla Thoroddsen alþingismanns og skjöl úr fórum Ólafs Friðrikssonar ritstjóra og verkalýðsleiðtoga. – 18. desember. Kom úr fórum Þorsteins Jóseppssonar í Þjóðdeild 1. og 2. árg. blaðsins Sneglu-Halla, sem skrifað var í Menntaskólanum í Reykjavík 1914–16. – 19. desember. Ragnhildur Bragadóttir, skjalavörður í Borgarskjalasafni, afhenti fyrir hönd Atla Freys Guðmundssonar, viðskiptafræðings og skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu, gögn sem sameina skal öðrum fórum afa hans, séra Guttorms Vigfússonar á Stöð í Stöðvarfirði.

Sýningar

Ýmislegt efni hefur verið notað til sýninga úr handritadeild, bæði hvað varðar sérsýningar og sýningar með Þjóðdeild. Eftir að ráðinn var sérstakur sýningarstjóri hefur öll yfirumsjón verið í höndum viðkomandi aðila, sem sótt hefur efni og ráðgjöf eða annað til deildarinnar eftir því sem þess gerðist þörf.

Skráningardeild

Hlutverk

Meginhlutverk deildarinnar er að annast efnisgreiningu (efnisflokkun/efnislyklun) og bókfræðilega skráningu gagna skv. þar til gerðum alþjóðlegum og íslenskum stöðlum og gera þessar upplýsingar aðgengilegar notendum í gagnaskrá safnsins. Í deildinni eru í þessu skyni byggð upp gagnasöfnin í *Gegni* (skráning á efni safnsins og samskráningarþjónusta fyrir önnur söfn), *Greini* (greiniskráð efni tímarita) og *Gelmi* (handritaskrá). Haldið er uppi samvinnu við önnur söfn sem taka þátt í þessari uppbyggingu að einhverju leyti, svo sem önnur aðildarsöfn Gagnis og samskrársöfn. Aðgangur að skránum er gegnum heimasíðu safnsins en öll greining og skráning miðar jafnframt að því að unnt sé að draga margvíslegar gerðir skráa út úr kerfunum til útgáfu á því formi sem óskað er eða til annarra nota innan safns og utan, hvort heldur er á vef, geisladiskum og/eða prentuðu formi.

Veigamikill þáttur í starfseminni er efnisgreining og skráning allrar íslenskrar útgáfu fyrr og síðar, þ.m.t. skráning greina í íslenskum tímaritum og greiniskráning safnrita. *Íslensk bókaskrá* er unnin í Gegni og hefur lengi verið gefin út af safninu í prentuðu formi en í henni er m.a. birt sundurliðað tölulegt yfirlit um íslenska útgáfu á hverju ári. Í ÍB er einnig birt sérstök skrá um *Ný íslensk tímarit*, önnur um *kort* og árin 2001 og 2002 var auk þess birt skrá um íslensk *myndbönd*. *Íslensk hljóðritaskrá* hefur verið gefin út samtímis sem fylgihefti með bókaskránni. Með tilkomu Landskerfis bókasafna verður núverandi bókasafnskerfi (Libertas), sem gengið hefur undir nafninu Gagnir, lagt niður en við tekur nýtt kerfi (Aleph) sem ber einnig nafnið Gagnir. Allar skrár safnsins og annarra aðildarsafna hins eldri Gagnis verða fluttar í nýja kerfið. Áætlað hafði verið að yfirfærsla gagna myndi eiga sér stað eftir mitt ár 2002 en af því varð ekki. Miklar prófanir áttu sér hins vegar stað út árið til undirbúnings væntanlegri yfirfærslu en leiðréttingar skiluðu sér engan veginn nógu vel til þess að hægt væri að yfirfæra gögnin á árinu í trausti þess að þau yrðu í lagi. Gagnir (Libertas) og undirkerfi hans hafa verið rekin af Landsbókasafni en eftir yfirfærsluna, sem áætluð er í lok febrúar 2003, færist kerfisreksturinn úr umsjá þjóðbókasafnsins yfir á Landskerfi bókasafna sem hefur hlotið sama nafn. Nýi Gagnir (Aleph) sameinar Gegni, Greini og Gelmi í einu kerfi og netaðgangur að efninu verður mun þægilegri en verið hefur, m.a. vefaðgangur að öllum skráum í stað telnetaðgangs áður.

Fjöldmargar skrár sem stöðugt er unnið að hafa aldrei verið gefnar út í prentuðu formi en þær ættu loks að verða sýnilegar gegnum vef safnsins, þegar nýi Gagnir hefur verið tekinn í notkun. Hér er nokkrar hinar helstu: *Skrá um efni íslenskra tímarita* er unnin í Greini en ekki gefin út í prentuðu formi. *Skrá um efni íslenskra safnrita* er önnur skrá sem ekki er gefin út prentuð. Gerðar eru sérstakar *skrár um efni sérsafna* þjóðbókasafnsins en þær hafa ekki verið gefnar út sem heild. Sama er að segja um *skrár um safnkost útibúa*. Skráning efnis sem varðar Ísland eða íslensk svið, á hvaða formi sem er og hvar sem það er gefið út í heiminum, fellur undir skrána *Islandica extranea*, en hún er ekki heldur gefin út prentuð. Undir þá skrá falla einnig ritverk Íslendinga gefin út erlendis. Þá er árlega dregin út úr Gegni skrá um erlent efni sem þýtt hefur verið á íslensku og send Unesco til birtingar í skránni *Index translationum*, <http://www.unesco.org/culture/xtrans/>. Síðastnefnda skráin hefur verið gefin út á geisladiski um nokkurra ára skeið (var áður gefin út í prentuðu formi). Safnið fær mikið af erlendu efni á ári hverju og á það meginhluta erlendra rita í landinu. *Skrár um erlendan ritauka* safnsins á öllum fræðasviðum eru unnar í Gegni

en ekki gefnar út prentaðar heldur aðeins aðgengilegar í Gegni, enda eru skrár um erlent efni birtar í Þjóðbókaskrárni viðkomandi landa. *Handritaskráning* hefur verið unnin í Gelmi um nokkurra ára bil og hefur Árnastofnun einnig tekið þátt í því starfi. Hlé var gert á skráningu handrita í Gelmi í september 2001 er verkefninu *Sagnanetið* lauk, en það má skoða á vefnum <http://www.sagnanet.is/>. Áætlað er að frekari skráning handrita í marksnið bíði þar til Landskerfi bókasafna hefur verið tekið í notkun. Safnið hefur og gefið út prentaðar handritaskrár fyrir og síðar.

Margvísleg ráðgjöf og fyrirgreiðsla er veitt söfnum víðs vegar um landið, ennfremur einstaklingum sem eftir leita. Tölvupóstlistinn vanda@bok.hi.is auðveldar dagleg samskipti aðildarsafna um bókfræðileg atriði og skylda þætti en gegnir@bok.hi.is er fyrir ábendingar frá öðrum aðilum. *Bókfræðiráð skráningardeildar* hefur síðan safnið tók til starfa haldið reglulega samráðsfundi með þeim sem starfa að efnisgreiningu heimilda og bókfræðilegum viðfangsefnum í aðildarsöfnunum en þessi söfn mynda sameiginlega *bókfræðisamráð aðildarsafna Gegnis*. Allir starfsmenn sem vinna að efnisgreiningu, heimildaskráningu og skyldum þáttum geta tekið þátt í ársfundum bókfræðisamráðs safnanna.

Almennt yfirlit

Staðlaðar *starfslýsingar* voru endurskoðaðar í samvinnu við einstaka starfsmenn á árinu eftir því sem þurfti ásamt *verkefnaskrá* og *yfirliti um ferli*. Sú venja hefur skapast að forstöðumaður deildar kallar nálægt áramótum eftir yfirliti frá hverjum starfsmanni um verkefni næstliðins árs. Þetta auðveldar úttekt á starfsemi í heild og getur haft forsagnargildi um hvort og þá í hvaða átt þarf að breyta áherslum. Í *starfsmannasamtölum* er farið reglulega yfir þessa þætti.

Starfshandbók skráningardeildar er á *Inngangi* (innri vef safnsins) ásamt nokkrum fylgigögnum. Þessi gögn eru smám saman endurnýjuð og uppfærð í samræmi við þróun verkefna og starfshátta og eins er viðbótargögnum og upplýsingum bætt við þegar þörf er á.

Sem fyrir segir var undirbúningsvinna í tengslum við nýtt bókasafnskerfi mjög tímafrek á árinu. Miklar villur komu fram í yfirfærðum bókfræðigögnum og eintaksupplýsingum við prófanir og vinna við villulista teygðist mjög á langinn. Starfsmenn skráningardeildar frestuðu margir sumarleyfum sínum vegna þessa en flestir þeirra tóku þátt í þessum prófunum sem lömuðu aðra starfsemi í deildinni um skeið. Ljóst var þó á síðasta fjórðungi ársins að tímaáætlanir Landskerfisins stæðust ekki og yfirfærsla gagna varð að lokum að fresta vel fram yfir áramót. Forstöðumaður kerfisskrifstofu Landskerfis bókasafna starfaði með sérfræðingateymi safnanna í skráningarþætti og öðrum kerfisþáttum og var tengiliður þeirra við kerfissala.

Staðsetning rita, lánastaða og eintakstengingar

Listum um staðsetningarkóta safnsins um safndeildir, sérsöfn og útibú er haldið við í skráningardeild og bætt við þá kótum fyrir hinar ýmsu safndeildir jafnóðum og þær eru teknar til afturvirkrar skráningar og eins þegar efni sem halda á saman sem sérstakri einingu bætist við í safnið. Þarna koma einnig fram önnur atriði sem miðast við þær reglur sem eiga að gilda um safnkostinn í hverju tilviki, s.s. kóti fyrir lánstöðu og texti fyrir merkingar á strikamiða. Við lista um staðsetningarkóta er stuðst þegar draga þarf upplýsingar út úr Gegni/Greini/Gelmi, svo sem við skýrslugerð í skráningardeild, gerð sundurliðaðra tölulegra yfirlita, ársyfirlita, yfirlita um skráningu einstakra safna, í einstök kerfi svo og um heildarskráningu í kerfin þrjú.

Staðlar í notkun á sviði efnisgreiningar og bókræði

Safnkosturinn er flokkaður samkvæmt Dewey Decimal Classification (DDC). Nýja vefútgáfan af kerfinu sem tekin var í notkun árinu áður, *WebDewey* frá OCLC Cooperative Online Resource Catalog (*CORC*), reyndist mjög gott hjálpartæki, ekki einungis við flokkun heldur einnig við efnisorðasmíð og efnisorðagjöf*. Aðgangur að vefútgáfunni er takmarkaður við áskrifendur og lykilorð. Mikið starf var áfram unnið í skráningardeild safnsins við forsögn vegna aðlögunar og yfirfærslu skráningarfærslna í *Nýtt marksnið Gegnis* (MARC 21) en það er skráningarsniðið sem notað verður í Landskerfi bókasafna. Unnið var að þýðingu marksniðsins á árinu en þeirri vinnu engan veginn lokið fyrir árslok. Við skráningu er farið eftir alþjóðlegum skráningarreglum, AACR2†, og eftir styttri gerð þeirra hefur verið gerð íslensk þýðing‡. Við bókræðilega lýsingu er farið eftir alþjóðlegum staðli, sem einnig hefur verið þýddur á íslensku,§ m.a. um upptekt og röð atriða. Áfram var unnið við Efnisorðaskrá Gegnis fyrir styrk sem fékkst á árinu 2001 og sagt er frá í skýrslu fyrir það ár. Skráin er ásamt undirskráum sínum á sérsviðum byggð upp samkvæmt reglum sem settar eru fram í íslenskum staðli um efnisorðaskráningu, ÍST 90**, en staðallinn er þýðing á alþjóðlega staðlinum ISO 2788/1986 og alsamur (identical) honum.

Skráning og tegundir skráa

Vinna við *samtímaskráningu nýrra aðfanga íslenskra og erlendra rita og afturvirka skráningu íslensks efnis* hafði áfram forgang sem fyrr. Ritin sem berast eru skráð bókræðilegri skráningu þegar þau koma í safnið, flokkuð og efnislykluð, síðan er gengið frá þeim í deildinni til safnvistunar, varðveislu og notkunar. Gengið er frá nýju efni til varðveislu og notkunar jafnóðum og það berst og eru þá *lokaverkefni stúdenta* við Háskóla Íslands meðtalin.

Greiniskráning tímarita var með svipuðu sniði og undanfarin ár, þ.e. greinar í nýjum tímaritsheftum voru skráðar jafnóðum og þau bárust. Jafnframt voru nokkur tímarit greiniskráð afturvirkt og var áherslan þetta ár eins og árið áður einkum á byggðasögutímarit.

Þá var áfram nokkuð unnið að *greiniskráningu efnis í íslenskum safnritum*. Enn sem fyrr voru fyrst og fremst greiniskráð safnrit með verkum eftir ýmsa höfunda en safnrit verka einstakra höfunda látin bíða betri tíma. Eins biðu greiniskráningar safnrit sem voru of stór fyrir Gegni, þ.e. færslufjöldi sem tengdist einu safnriti of mikill. Þessi verk verða greiniskráð í nýja Gegni þar sem slíkar hömlur eru ekki til staðar.

* WebDewey : OCLC Cooperative Online Resource Catalog (CORC)

<http://corc.oclc.org>

† Anglo-American cataloguing rules ; prepared under the direction of the Joint Steering Committee for Revision of AACR, a committee of the American Library Association, the Australian Committee on Cataloguing, the British Library, the Canadian Committee on Cataloguing, the Library Association, the Library of Congress ; edited by Michael Gorman and Paul Winkler 2nd ed, 1988 revision London : The Library Association, 1988

‡ The concise AACR2. Á íslensku Skráningarreglur bókasafna : stytta gerð eftir AACR2 / samin af Michael Gorman ; íslensk þýðing Sigbergur Friðriksson Reykjavík : Samstarfsnefnd um upplýsingamál, 1988

§ International Federation of Library Associations and Institutions ISBD(M) : alþjóðlegur staðall um bókræðilega lýsingu prentaðra bóka / IFLA, alþjóðasamband bókasafna ; Skráningarnefnd gaf út ; [þýðing Sigbergur Friðriksson] Reykjavík : Þjónustumiðstöð bókasafna, 1984

** Heimildaskráning : leiðbeiningar um gerð og þróun kerfisbundinna efnisorðaskráa á einu tungumáli = Documentation : guidelines for the establishment and development of monolingual thesauri ; Flokkunarnefnd þýddi staðallinn með hliðsjón af frumdrögum Guðrúnar Karlsdóttur Reykjavík : Iðntæknistofnun Íslands, 1991

Afturvirkri skráningu þjóðdeildarefnis í Gegni miðaði lítið eitt áfram, m.a. hljóðritaskráningu. Samtímis öðru var nokkuð unnið að skráningu sérsafna þjóðdeildar. Tölur á ársyfirliti deildarinnar um stöðu skráningar um hver áramót eru m.a. sundurliðaðar eftir safndeildum og má þar sjá tölulegar breytingar frá ári til árs.

Útgáfa Íslenskrar bókaskrár og Íslenskrar hljóðritaskrár fyrir árið 2001 dróst fram yfir áramót 2002/2003. Skrárnar eru með sama sniði og undanfarin ár (sjá kaflann *Hlutverk* hér að framan).

Bókfræðisamráð, samskrárþjónusta, faglegt þróunarstarf

Samskrársöfnum sem nýtt hafa sér samskráningarþjónustu Landsbókasafns, aðra en þá sem tekur til Samskrár um erlend tímarit, var á haustmisseri 2001 ritað bréf og sagt upp þjónustunni í þeirri mynd sem hún hefur verið innt af hendi á undanförunum árum. Jafnframt var hverju samskrársafni gefinn kostur á að fá yfirlit um allar kerfisfærslur fyrir safnkost viðkomandi safns (sbr. ársskýrslu síðasta árs). Á árinu 2002 var unnt að vinna upp það sem safnast hafði fyrir árið áður af samskráningu.

Safnið hefur skv. lögum sérstakar skyldur á sviði uppbyggingar gagnasafna og er skráningardeild ætlað að hafa forystu um verkefni er sinna stöðlun og samræmingu á sviði efnisgreiningar, bókfræðilegrar skráningar og útgáfu handbóka á þessum og skyldum sviðum. Á árinu voru haldnir allmargir fundir um málefni á sérfræðisviðum deildarinnar og fulltrúar safnsins á þessum sviðum tóku þátt í ýmiss konar skipulags- og nefndarstarfi er tengdist Landskerfi bókasafna, sértækum efnisorðaskrá, útgáfu flokkunarkerfis og þýðingu marksniðs fyrir nýjan Gegni.

Flokkunarkerfi Deweys kom út á árinu 2002 á vegum skráningardeildar.^{††} Þessi útgáfa er þýðing á 13. stytta útgáfu *Dewey Decimal Classification (DDC)*, sem út kom árið 1997 hjá Forest Press, Albany (N.Y.) 1997, en hún byggist aftur á 21. heildarútgáfu kerfisins, sem kom út í fjórum bindum hjá sama forlagi árið 1996. Stafrófsraðaður efnislykill sýnir viðfangsefni frá afstæðum sjónarhornum og auðveldar í senn uppslátt og heildarsýn. Í allöngum kafla undir fyrirsögninni *ný atriði er einkenna 13. stytta útgáfuna* er m.a. að finna útskýringar á þróuninni í flokkun ásamt fjölmörgum flokkunardæmum. Annar kafli nefnist *Inngangur að Flokkunarkerfi Deweys*. Ítarlegur skýringarkafli fylgir nú í fyrsta sinn íslenskri útgáfu þessa flokkunarkerfis en þar er m.a. farið mjög nákvæmlega í þær forsendur sem liggja að baki vali á milli flokkstalna þegar um fjölþætt efni eða þvergreinarit er að ræða. Þetta gerir flokkunarstarfið mun auðveldara og gæðir ritið um leið eiginleikum kennsluhandbókar í enn ríkara mæli. *Orðaskýringar* eru og sérstakur kafli og birtast slíkar skýringar nú í fyrsta sinn í íslenskri útgáfu af kerfinu og hafa þær heldur verið auknar frá amerísku útgáfunni. *Atriðisorðaskrá að inngangi og orðaskýringum* fer á eftir inngangsköflum. Þýðendur verksins eru Guðrún Karlsdóttir, forstöðumaður skráningardeildar, sem jafnframt er ritstjóri verksins, ásamt Auði Gestsdóttur og Sigrúnu J. Marelsdóttur, sérfræðingum í flokkun og lyklun í skráningardeild. Fjölmargir sérfræðingar og fræðimenn lásu yfir kafla á sínum sviðum, meðan á þýðingunni stóð. Alls er ritið liðlega þúsund síður með inngangi og formálum.

Þýðingu á *Nýju marksniði Gegnis (Marc 21)* var ólokið um áramót en stefnt er á að taka einnig saman leiðbeiningar og dæmasafn með marksniðinu á íslensku.

^{††} Dewey, Melvil, 1851–1931 Flokkunarkerfi Deweys ásamt afstæðum efnislykli ; tekið saman af Melvil Dewey. – Stytt íslensk útgáfa / Guðrún Karlsdóttir ritstýrði verkinu og vann að þýðingu þess ásamt Auði Gestsdóttur og Sigrúnu J. Marelsdóttur sem einnig sátu í ritnefndinni. - Reykjavík : Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2002.

Útgáfa og vinna við sérverkefni

Margvísleg vinna að *sérverkefnum* fer fram í skráningardeild eða á vegum hennar og hefur sumra þeirra þegar verið getið í textalegu samhengi en hér er birt heildarskrá um þau helstu sem gefin hafa verið út og önnur um þau sem enn eru á undirbúningsstigi fyrir útgáfu:

Útgefið efni

Flokkunarkerfi fyrir íslensk bókasöfn / þýðendur Guðrún Karlsdóttir (ritstj.), Auður Gestsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir o.fl. – Reykjavík : Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2002

Íslensk bókaskrá, Íslensk hljóðritaskrá fylgir / ritstj. Hildur G. Eyþórsdóttir

- Skrár unnar í Gegni, byggja á samtímaskráningu nýrra íslenskra rita, koma út árlega.

Index translationum / umsjón með íslensku framlagi Guðrún Karlsdóttir

- Skrá Unesco um þýðingar – árlega er lögð fram skrá um þýðingar erlendra verka á íslensku.

Bibliography of criminology / umsjón með íslensku framlagi: Auður Gestsdóttir

- Samnorrænn gagnagrunnur á sviði afbrotafraeði, refsiréttar og skyldra greina á vegum Norræna sakfræðiráðsins

Guide to official publications of foreign countries / umsjón með íslensku framlagi: Auður Gestsdóttir

Names of persons : national usages for entry in catalogues / IFLA ...

- Upplýsingar í kafla um ísl. nafnmyndir í síðustu útg.: Hildur G. Eyþórsdóttir
- Kemur út óreglulega, síðast 1996

Í undirbúningi fyrir útgáfu

Nýtt marksníð Gegnis (Marc 21) / Þýðendur Guðrún Karlsdóttir (ritstj.) og Svanfríður S. Óskarsdóttir.

- Lausblaðabindi

Multilingual dictionary of library terminology / umsjón með íslensku framlagi

Guðrún Karlsdóttir sem annast orðasöfnunina ásamt Auði Gestsdóttur

Anonymous Classics / IFLA ...

- Íslenskur kafli: Guðrún Karlsdóttir, Kristín Bragadóttir og Einar G. Pétursson

Samræmd nafnmyndaskrá um íslensk ritverk fyrir 1540

Sjálfstætt verkefni, tilheyrir ekki verkefnum safnsins. Umsjónarmaður verkefnisins er Guðrún Karlsdóttir en samstarfsmenn eru Kristín Bragadóttir og Einar G. Pétursson, Árnastofnun.

Það hefur m.a. hlotið styrki úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands

Efnisorðaskrár á ýmsum sviðum / samvinnuverkefni fjögurra Gagnissafna undir forystu Landsbókasafns (Ragna Steinarsdóttir verkefnisstjóri)

Aðgangur að skráum

Aðgangur að tölvuskráum í Gegni og Geini er gegnum skjái í safninu sjálfu, með upphringisambandi og um Internet. Meðan afturvirkri skráningu í tölvukerfi er ekki lokið þarf auk þess að styðjast við upplýsingar í spjaldskráum um þann hluta sem ekki er skráður í bókasafnskerfið. Spjaldskrá sem staðsett er í þjóðdeild veitir bókfræðilegar upplýsingar um íslenskt efni. Önnur spjaldskrá, staðsett í þjónusturými á 2. hæð, veitir upplýsingar um efni í tilteknum íslenskum blöðum og tímaritum og skarast hún að hluta til við Greini. Stefnt er að vefaðgangi að Íslenskri bókaskrá og fleiri skráum á árinu 2003.

Listi um aðildar- og samskrársöfn er birtur í fréttaskjámynd Gegnis og Greinis og einnig á vefsetri safnsins. Þar er einnig listi um greiniskráð tímarit. Listarnir eru endurskoðaðir eftir þörfum. Á vefsetri safnsins er einnig birt tölulegt ársyfirlit um skráningu í Gegni og undirkerfi hans, Greini og Gelmi.

Nefndir og ráð sem skráningardeild stendur fyrir eða á aðila að

Kerfisvalsnefnd (bókasafna- og samskrárkerfi á landsvísu) / Menntamálaráðuneyti
(Auður Gestsdóttir - ásamt Sigrúnu Hauksdóttur, sem er aðalfulltrúi)

Sérfræðinefnd kerfisvalsnefndar menntamálaráðuneytis um skráningarþátt í nýju kerfi
(Guðrún Karlsdóttir, form., Hildur G. Eyþórsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir,
Monika Magnúsdóttir og Borghildur Stephensen o.fl. fulltrúar úr öðrum söfnum)

Samskrárnefnd kerfisvalsnefndar / Menntamálaráðuneyti

(Sigbergur E. Friðriksson fulltrúi skráningardeildar lést 2002, annar fulltrúi óskipaður)

Nefnd um málefni almenningsbókasafna / Menntamálaráðuneyti

(Auður Gestsdóttir fulltrúi Landsbókasafns)

Nefnd um lýsigögn = metadata / Menntamálaráðuneyti

(Sigbergur E. Friðriksson fulltrúi Landsbókasafns, annar fulltrúi óskipaður)

Sérfræðinefndir um FUT skráningarstaðla / Fagráð í upplýsingatækni

(Fulltrúar skráningardeildar: Hildur G. Eyþórsdóttir, Sigbergur E.

Friðriksson, Hildur Gunnlaugsdóttir, Borghildur Stephensen, Kolbrún Andrésdóttir)

Bókfræðiráð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns / Skráningardeild

(Þátttaka: Guðrún Karlsdóttir, form., Hildur G. Eyþórsdóttir, Auður Gestsdóttir;
samráðsmenn: Monika Magnúsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Gróa Björnsdóttir)

- Nefndir bókfræðiráðs: sérfræðinefndir um efnisgreiningu (efnisorðaráð, flokkunarnefnd) og sérfræðinefnd um skráningu (skráningarnefnd) starfa á vegum bókfræðiráðsins að úrlausnarefnum og ráðgjöf á sviði efnisgreiningar og bókfræðigreiningar á landsvísu sem innan safnsins, ennfremur koma þær að öðrum þróunarverkefnum, handbókagerð og þátttöku í alþjóðlegum verkefnum; þessar nefndir eru skipaðar mismunandi sérfræðingum og samráðsmenn misjafnlega margir eftir því að hvaða verkefnum er unnið hverju sinni (sjá t.d. sérfræðinefndir um FUT skráningarstaðla, einnig sérfræðinefnd kerfisvalsnefndar um skráningarþátt í nýju kerfi).

Bókfræðisamráð aðildarsafna Gegnis / Skráningardeild

(Þátttaka: Guðrún Karlsdóttir, form., Hildur G. Eyþórsdóttir, Sigbergur E. Friðriksson, Auður Gestsdóttir; samráðsmenn: Monika Magnúsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Gróa Björnsdóttir; fulltrúar annarra safna)

- Bókfræðiráð skráningardeildar starfrækir tölvupóstlistann vanda@bok.hi.is fyrir öll aðildarsöfn Gegnis

Nefnd um þjóðbókaskráningu / Landsbókasafn

(Guðrún Karlsdóttir, ritari, Hildur G. Eyþórsdóttir, Sigbergur E. Friðriksson;
fulltrúi frá aðildarsafni: Ólafur Pálmason, Seðlabanka Íslands)

Ritstjórn vefsíðu / Landsbókasafn

Guðrún Karlsdóttir af hálfu skráningardeildar

Safnráð / Landsbókasafn

(fulltrúi skráningardeildar er forstöðumaður deildarinnar, Guðrún Karlsdóttir).

Starfsmannafélag Þjóðarbókhöðu / Starfsmenn safnsins (formaður er Borghildur Stephensen)

Öryggisnefnd / Landsbókasafn (Hildur Gunnlaugsdóttir)

Útlánadeild

Hlutverk

Markmið útlánadeildar er að sjá um lánastarfsemi bókasafnsins og gæta þess að fylgt sé settum reglum í því efni. Deildin starfrækir m.a. námsbókasafn og sér um almenna upplýsingaþjónustu á 3. og 4. hæð, varðveitir safn lokaritgerða nemenda við Háskóla Íslands og hefur umsjón með lesrýmum, bókarýmum og úthlutun lesherbergja. Millisafnalán eru á vegum deildarinnar, og hún hefur jafnframt umsjón með útibúum utan aðalsafns.

Afgreiðslutími

Árið 2002 var safnið opið tæpa 80 tíma á viku í rúma níu mánuði. Ákveðið var að koma til móts við óskir stúdenta að hluta til um að vetrartími hæfist fyrr vegna haustprófa. Vetrartími var því í gildi frá 12. ágúst til 20. maí. Safnið var opið 44 tíma á viku yfir sumartímann.

Starfsmenn

Í lok ársins voru í útlánadeild 22 starfsmenn í 16 stöðugildum.

Notendapjónusta/afgreiðsla

Hin almenna notendapjónusta safnsins er bæði í höndum útlánadeildar og upplýsingadeildar sem hafa samvinnu um hana og skipta með sér verkum. Upplýsingadeild hefur séð um sérhæfða upplýsingapjónustu: heimilda- og tölvuleitir, notendafræðslu, bæklingagerð o.fl. Útlánadeild hefur séð um almenna upplýsingapjónustu og ýmsa aðra þætti, sbr. hlutverkslýsingu hér að ofan. Vaktstöðvar útlánadeildar í safninu eru fjórar.

Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Hér eru bókasafnsskírteini afgreidd, bækur lánaðar út og þeim veitt viðtaka að lánstíma liðnum.

Á 3. hæð eru lokaritgerðir nemenda við Háskóla Íslands varðveittar og lánaðar til lesturs í safninu. Hér er einnig afgreiðsla og upplýsingapjónusta um blaða- og tímaritakost safnsins og leiðbeint við notkun lesvéla og lesprentvéla. Á þessari hæð hafa jafnframt verið varðveitt gömul próf við Háskólann. Í nóvember tilkynnti prófstjóri Háskólans að prófasafninu yrði komið fyrir undir Vefkerfi Háskólans og þar mætti framvegis finna þau prófverkefni sem kennarar hefðu heimilað að færu í prófasafn undanfarin 2 ár. Ákveðið var að geyma próf frá og með 1997 fram yfir áramót en farga þeim að þeim tíma liðnum.

Á 4. hæð er námsbókasafn á opnu rými. Hér eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins og rit lánuð út. Hér er tón- og mynddeild staðsett og eru fræðslumyndbönd, nótur og snældur til útláns, en einnig er hægt að skoða myndbönd á staðnum og hlusta á tónlist og upplestur á geisladiskum og snældum.

Í kjallara er starfsmaður deildarinnar á vakt 17 tíma á viku á móti fólki úr þjóðdeild safnsins við að afgreiða rit sem safngestir biðja um úr geymslum, og við innröðun og önnur störf.

Notendakannanir

Í samvinnu við upplýsingadeild var ákveðið að sækja um styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að hanna notendakannanir um þjónustu safnsins og fleiri þætti. Fékkst styrkur til tveggja mánaða og greiddi safnið fyrir þriðja mánuðinn. Elín Sigurðardóttir, nemi í félagsfræði, var ráðin í þrjú mánuði um sumarið til að vinna þetta verk. Eftirfarandi kannanir voru hannaðar: *Könnun á notendapjónustu í Þjóðarbókhöllu*, *Könnun á notkun rafræns efnis (kennarar HÍ)*, *Könnun á notkun rafræns efnis sem er aðgengilegt á Netinu (stúdentar HÍ)* og *Könnun á notkun hvar.is, vefs landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum*. Síðasta könnunin var framkvæmd á árinu en ráðgert er að framkvæma hinar á næsta ári.

Útlán



Útlán úr safninu náðu hámarki árið 1996. Þeim fækkaði síðan allt til ársins 2000 en þá varð lítilsháttar aukning. Útlán jukust enn á árinu 2001 og sú þróun hélt áfram árið 2002. Útlán voru 74.871 í aðalsafni. Þar af voru útlán í námsbókasafni 4.323 og í tón- og mynddeild 7.009. Í útibúum safnsins voru útlán þar að auki 3.092 (Jarðfræðahús 606, Lögberg 1.415, Líffræðistofnun 171 og VR II 900) en þau lán eru skráð handvirkt. Útlán alls voru því 77.963.

Nemendur Háskóla Íslands tóku eins og fyrri ár flest rit í lán eða um 55.6%, starfsmenn HÍ um 15.4% og aðrir lánþegar, þ. á m. nemar í öðrum skólum, um 28.9%. Lánþegar voru alls 5.303 í lok desember. Dreifingin er mjög svipuð og á árinu 2001.

Þegar tölur um útlán eru skoðaðar ber að hafa í huga að mikið af bókum og tímaritum er notað á staðnum, án þess að um skráð lán sé að ræða.

Fjöldi lánþega

Almennir lánþegar	1215
Starfsmenn HÍ	555
Nemar HÍ	2781
Aðrir háskólanemar	349
Framhaldsskólanemar	270
Önnur söfn	123
	5293



Árgjald vegna bókasafnsskírteinis var óbreytt eða 1.000 kr. Kennarar, sérfræðingar og nemar við Háskóla Íslands eru undanþegnir árgjaldi. Landsbókasafn og bókasafn Kennaraháskóla Íslands sömdu sín á milli um gagnkvæm útlán án endurgjalds til allra starfsmanna skólanna í upphafi árs 2001. Sá samningur var endurnýjaður fyrir árið 2002.

Bæklingur deildarinnar með hagnýtum upplýsingum um útlán og reglum safnsins þarðlútandi var endurskoðaður að venju. Sérhver nýr lánþegi fær bæklinginn afhentan með skírteininu.

Útgáfa

Nokkur útgáfa á bæklingum á sér stað innan deildarinnar og eru þeir helst ætlaðir lánþegum safnsins. Hér fyrir neðan er listi yfir nýja bæklinga frá útlánadeild fyrir árið 2002.

Circulation. Febrúar 2002.

Útibú og lesaðstaða. Mars 2002.

Lesherbergi. Apríl 2002.

Millisafnalán. Júní 2002.

Geymsluskápar. Júní 2002.

Útlán. September 2002.

Útlán (Reglur og upplýsingar fyrir stúdenta við Háskóla Íslands). September 2002.

Hönnuð voru ný bókamerki með þartilgerðri eyðu fyrir skiladag. Um var að ræða fimm mismunandi gerðir. Í tengslum við sýningu safnsins um Halldór Laxness voru valdar fimm myndir af Halldóri á ýmsum aldri og þær ásamt tilvitnunum úr verkum hans þrýddu merkin. Merkin fóru í dreifingu í byrjun maí.

Ritakostur

Allur ritakostur deildarinnar er skráður í Gegni. Flest rit útlánadeildar eru á opnu rými á 4. hæð safnsins. Ritum sem hefur verið skilað er raðað í hillur samdægurs og um sumarið fóru starfsmenn deildarinnar yfir allan ritakostinn á 4. hæð og lagfærðu röðun en það er verk sem jafnframt er gripið í allan ársins hring.

Hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara hússins. Eru þar eldri rit og lítið notuð, bæði íslensk og erlend, rit sem eru fágæt eða illa farin og svo aukaeintök rita sem ekki þykir ástæða til að hafa á opnu rými. Auk þess eru sérstakar geymslur fyrir smáprent, stofnanaprent, barnabækur og þýdda reyfara. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1910, tímarit, handbækur, barnabækur, þýdda reyfara, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

Mjög þröngt er nú orðið um bækur á 4. hæð safnsins og einnig er hillurými af skornum skammti í kjallara geymslum deildarinnar. Allt árið var unnið að grisjun bókakosts til að unnt væri að koma nýjum ritum fyrir. Safninu barst m.a. stór bókaöf frá bandarískum hjónum, Alfred og Grace Gredys Harris, árið 2001. Um 3-4000 bindi bóka voru valin úr til skráningar. Ný bókaöf var sett upp á opnu rými á 4. hæð í lok árs, en aðeins verður hægt að koma fyrir hluta af bókaöfinni þar.

Kjallaravakt var skipulögð í samvinnu við þjóðdeild eins og áður segir. Starfsmenn deildanna tveggja skiptast á að afgreiða bækur, tímarit og önnur gögn sem safngestir biðja um og eru geymd í geymslum safnsins. Afgreitt er úr geymslum til kl. 18 mánu-daga til fimmtudaga og til kl. 16 föstudaga og laugardaga.

Lesrými


Í Þjóðarbókhöllu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 20 sæti í hópinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti, sum við lágborð og sum í tón- og mynddeild.

Fjöldi safngesta á lesrýminu er kannaður reglubundið með talningum, bæði á daginn og á kvöldin og einnig um helgar. Er það gert í því skyni að fylgjast með nýtingu lesrýmisins svo að hægt sé að veita sem besta og mesta þjónustu á álagstímum. Lesrýmið er mest notað af nemum Háskóla Íslands og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir.

Í safninu eru 28 lesherbergi sem safngestir geta fengið afnot af til ákveðins tíma. Safnið leigir út 26 lesherbergi til fræðimanna, háskólanema í framhaldsnámi og annarra aðila sem eru að vinna að rannsóknarverkefnum og þurfa að nota rit safnsins í því skyni. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt bæði á veturna og á sumrin. Alls höfðu 86 safngestir afnot af lesherbergi á árinu. Fengu 47 gestir herbergi vegna vinnu við meistaraþrófsritgerð, 12 vegna vinnu við doktorsritgerð, 14 vegna almennrar fræðimennsku eða ritstarfa, 5 vegna vinnu við kandiðatsrit-

gerð í lögfræði og 8 vegna annarra verkefna. Herbergin voru leigð út til mismunandi langs tíma en að meðaltali höfðu safngestir afnot af herbergi í rúma þrjá mánuði.

Eitt lesherbergi er ætlað fötluðum og annað sjónskertum til almennrar notkunar. Þessum herbergjum er úthlutað í samvinnu við Námsráðgjöf H.Í. og eru þau samnýtt af fleiri en einum notanda í einu.



Námsbókasafn

Námsbókasafnið er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við Háskólann. Efnið er þá sett í sérhillur merktar viðkomandi námskeiði og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er einungis starfrækt að vetri til. Það er á opnu rými á 4. hæð safnsins.

Gögn námsbókasafnsins voru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Á vormisseri var fjöldi bóka 2.034 í 83 námskeiðum, en á haustmisseri voru 1.463 bækur í 103 námskeiðum. Kennarar í heimspekideild og félagsvísindadeild nota námsbókasafnið áberandi mest, og voru t.a.m. 79 námskeiðanna kennd í heimspekideild og 72 í félagsvísindadeild. Aðrar deildir sem voru með bækur á námsbókasafninu voru guðfræðideild (18), læknadeild (3), lagadeild (2), viðskipta- og hagfræðideild (2) og raunvísindadeild (7).

Útlán úr námsbókasafninu voru 4.323 á árinu (2.687 árið 2001). Það ber að hafa í huga að margar bækur eru til notkunar á staðnum og nemendur lesa þessar bækur á safninu án þess að þær séu skráðar í útlán.

Millisafnalán

Millisafnalán sjá um að útvega notendum rit að láni eða ljósrít af grein frá öðru bókasafni. Ef rit er ekki til á íslensku safni, útvegar Landsbókasafn bækur að láni úr erlendum bókasöfnum. Safnið hefur einnig milligöngu um að fá ljósrít frá innlendum söfnum. Hverjum sem er, bæði einstaklingum og stofnunum, er heimilt að nýta sér þessa þjónustu. Þrír starfsmenn starfa í deildinni í fullu starfi.

Öll þjónusta millisafnalána er gegn gjaldi. Gjaldskráin var óbreytt á árinu. Starfsmenn Háskóla Íslands og nemendur fengu sem fyrr 50% afslátt.


Beiðnum um millisafnalán sem bárust safninu á árinu fækkaði nokkuð og voru beiðnirnar alls 7.263 (8.121 árið 2001). Þar af voru afgreiddar 6.445 beiðnir eða um 89% (85% árið 2001).

Á árinu voru alls afgreiddar 4.098 beiðnir til Landsbókasafns (984 bækur og 3.114 greinar). Auk þess voru afgreiddar 2.347 (2.315 árið 2001) beiðnir um bækur eða greinar úr ritakosti safnsins til annarra safna, starfsmanna HÍ og fyrirtækja. Þar af voru bókarlán 321 (329 árið 2001) (17,5%) og ljósrít af greinum 1.514 (1.589 árið 2001) (82,5%). Þessar beiðnir voru frá 44 söfnum á Íslandi og 110 erlendum söfnum í 16 löndum.

Til fyrirtækja, stofnana og starfsmanna Háskóla Íslands voru afgreiddar 484 greinar úr tímaritum safnsins, eða 20,6% af greinum afgreiddum úr safninu alls.

Alls var pantað frá 277 söfnum í 34 löndum. Flestar bækur bárust frá Danmörku (35,5%) og Noregi (31,2%) en flestar greinar frá Danmörku (35,3%).

Vegna samvinnu safnsins við söfn á Norðurlöndum um gagnkvæma hraðþjónustu (KVIK) hefur afgreiðsla ljósríta gengið mjög hratt fyrir sig og biðtími eftir bæði greinum og bókum hefur styst svo um munar. Frá KVIK söfnum á Norðurlöndum komu 1.113 greinar og 1.172 greinar frá NORFRI söfnum, alls 2.285 greinar (73,3 % greina sem bárust frá útlöndum). Frá Subito, sem veitir hraðþjónustu í Þýskalandi, var afgreidd 921 grein (22,8 % greina). Frá NORFRI söfnum komu 683 bækur (69,5%).



Útibú utan Þjóðarbókhöfuðs

Landsbókasafn starfrækir allmörg útibú sem eru staðsett bæði á háskólalóðinni og utan hennar. Í sumum útibúum var bókaavarsla tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum útibúum var um að ræða umsjón sem fólst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni til tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú meginstefna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum, en stúdentum verði fremur beint til aðalsafns. Nú eru einungis útlán frá bókasöfnum Jarðfræðahúss, lagadeildar í Lögbergi, verkfræði- og raunvísindadeildar í VRII og lesstofu í líffræði að Grensásvegi 12.

Einu útibúi var lokað um áramót en það var útibúið í Odda. Með tilkomu landsaðgangs að mörg þúsund rafrænum tímaritum á Netinu minnkaði þörfin fyrir aðgengi að prentuðu útgáfunum og barst beiðni frá deildarforsetum viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar um að stofan yrði tæmd.

Umsjónarmenn útibúa árið 2002 voru Auður Gestsdóttir (Lögberg), Þorbjörg Sigurðardóttir (VRII), Sólveig Jónsdóttir (lektoröt í Norræna húsinu, RH og VRIII) og

Guðmundur Ingi Guðmundsson sem hafði umsjón með öðrum útibúum. Hefur hann haft fasta viðvist í bókasafni lagadeildar í Lögbergi, Lesstofu í líffræði og bókasafninu í Jarðfræðahúsi H.Í. en auk þess haft eftirlit með útibúum safnsins í Nýja Garði, Aðalbyggingu H.Í., að Sóltúni 1, að Skógarhlíð 10 og í Haga.

Árnagarður. Lokuð bókastofa heimspekideildar ætluð kennurum og nemendum í MA eða doktorsnámi í íslenskum fræðum. Umsjón: Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var einu sinni í mánuði.

Enskukennsla í Nýja Garði. Bókastofan er handbókasafn kennara og nemenda í enskuskor. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Guðfræðideildarstofa í aðalbyggingu háskólans. Stofan er handbókasafn kennara og nemenda í guðfræði. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Hjúkrunarfræðideild. Bókasafn námsbrautar í hjúkrunarfræði var sameinað Bókasafni Landspítalans árið 1993 og hefur verið starfrækt þar síðan. Ritin eru þó áfram eign safnsins og laun tveggja bókavarða voru greidd af safninu. Bókasafn Landspítalans veitir læknadeild og hjúkrunarfræðideild bókasafnsþjónustu. Rætt var um hugsanlegar breytingar á þjónustunni en engar breytingar voru gerðar á árinu.

Jarðfræðahús Bókasafn í jarðfræði og landafræði. Opið kl. 9–17. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson og var viðvist hans daglega kl. 14–16.

Lektoröt (danska, finnska, norska og sænska). Bókasöfn sem tengjast kennslu í norrænum tungumálum eru til húsa á skrifstofum viðkomandi lektors í Norræna húsinu. Útlán eru eingöngu með leyfi lektors. Umsjón hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit var einu sinni í mánuði.

Lesstofa í líffræði, Grensásvegi 12. Stofan var opin kl. 08:00–17:00. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson, og var viðvistartími hans kl. 10–12 á þriðjudögum og fimmtudögum.

Lyfjafraeðideild í Haga. Bókasafn lyfjafraeðideildar er handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafraeði. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Lögberg, bókasafn lagadeildar í Lögbergi. Opið var á vor- og haustmíssi kl. 10–18 en lokað yfir sumarmánuðina. Auður Gestsdóttir annaðist rekstur safndeildarinnar og var viðvistartími hennar kl. 8–13 þriðjudaga og fimmtudaga og kl. 10–12:30 á föstudögum. Guðmundur Ingi Guðmundsson hafði viðvist í safninu kl. 10–12:30 á mánudögum og miðvikudögum. Auk þess önnuðust laganemar gæslu safnsins hluta úr degi.

Námsbraut í sjúkrapjálfun, Skógarhlíð 10. Safnið er handbókasafn kennara og nemenda í sjúkrapjálfun. Það er opið á skrifstofutíma. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var tvisvar í mánuði.

Nýi Garður. Bókastofa Hugvísindastofnunar á 3. hæð Nýja Garðs er lokað handbókasafn kennara í heimspekideild. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Oddi. Bókastofa félagsvísindadeildar á 2. hæð er lokað handbóka- og tímaritasafn kennara í félagsvísindadeild. Umsjón höfðu Anna María Sverrisdóttir og Ragnheiður Aðalsteinsdóttir. Eftirlit var einu sinni í viku og var þá farið út með ný tímaritshefti en eldri voru flutt tilbaka í aðalsafn. Í lok ársins hætti safnið að hafa umsjón með bókastofunni og öll tímarit voru flutt aftur í aðalsafn.

Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði, Sóltúni 1. Safnið er lokað handbókasafn starfsmanna rannsóknarstofunnar. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3. Safnið er handbókasafn starfsmanna stofnunarinnar. Umsjón hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit tvisvar í viku. Raunvísindastofnun greiddi safninu fyrir vinnu bókavarðar sem nam u.þ.b. einum fjórða úr ársverki.

Rannsóknarstofa í lyfjafraði, Ármúla 30. Safnið er handbókasafn starfsmanna rannsóknarstofunnar. Starfsmaður rannsóknarstofunnar, Jóhanna Edvald, hafði umsjón með safndeildinni.

Verkfræði- og raunvísindadeild. Bókasafnið í VR II við Hjarðarhaga var opið kl. 07:00–21:00 og kl. 07:00–18:00 um helgar. Umsjón hafði Þorbjörg Sigurðardóttir og var viðvistartími hennar daglega kl. 12–16. Í VR III er handbóka- og tímaritasafn kennara í raunvísindum. Umsjón með því hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit var 1–2 sinnum í viku.

Upplýsingadeild

Hlutverk

Upplýsingadeild rekur upplýsingaþjónustu á 2. hæð, hefur umsjón með handbókasafni og sér til þess að notendur hafi sem bestan aðgang að prentuðum og rafrænum upplýsingum. Hún annast notendafræðslu við háskólasamfélagið og aðra safngesti, ritstýrir vefsíðum safnsins og sér um rekstur tón- og mynddeildar á 4. hæð.

Upplýsingaþjónusta

Afgreiðsla upplýsingaþjónustunnar var opin mánudaga til föstudaga kl. 8:15–17:00, þ.e. 43 stundir á viku af þeim 80 stundum sem safnið var opið. Engin þjónusta var veitt um helgar. Einn starfsmaður sinnir almennri þjónustu og afgreiðslu fyrirspurna fyrri hluta dags en tveir eftir hádegi eins og áður.

Dagleg umsvif upplýsingaþjónustunnar eru metin fyrstu viku hvers mánaðar og voru fyrirspurnir á staðnum og í síma að meðaltali 45–50 (50–60) á dag yfir vetrarmánuðina. Ennfremur var leyst úr um 440 (544) tímafrekum fyrirspurnum sem ýmist bárust með tölvupósti, símleiðis eða voru bornar upp á staðnum. Með auknum aðgangi notenda að rafrænum gögnum og upplýsingum á Netinu hefur almennum fyrirspurnum og tölvuleitum fækkað, en leiðsögn um notkun þessara gagna hefur

aukist til muna. Þar er bæði um að ræða leiðsögn um síma og einstaklingsbundna kennslu á sérstökum kennslutölvum á handbókasvæði.

Handbókarými

Helstu breytingar á handbókarými voru varðandi aðgang notenda að tölvum. Ákveðið var að taka gjald fyrir Internetnotkun þeirra sem ekki eiga bókasafnsskírteini og fer greiðsla og skráning í tölvurnar nú fram við útlánaborð. Lokið var við að ganga frá tveimur kennslutölvum sem ætlaðar eru þeim sem þurfa aðstoð við notkun gagnasafna og tengja þær við prentara í útlánaborði. Einnig geta safngestir nú prentað út gögn á Sagnanetinu, kortasafni og VESTNORD úr tölvum á handbókasvæði. Þá var tölva sem áður veitti aðgang að Þjóðskrá og Feng fjarlægð en starfsmenn upplýsingaþjónstu geta eftir sem áður flett upp í Feng fyrir gesti. Á handbókasvæðinu eru nú samtals tólf tölvur: fjórar sem eingöngu eru fyrir aðgang að Gegni eða Greini og eru þær tengdar prentara, tvær fyrir Internetnotkun, tvær kennslutölvur, aðrar tvær fyrir geisladiska á netkerfi hússins og ein fyrir margmiðlunargögn sem ekki er hægt að nettengja. Aðrar tölvur en Gegnistölvurnar eru tengdar prentara í útlánaborði og greiða notendur fyrir prentun úr þeim. Loks er ein tölva sem eingöngu er ætluð þeim sem þurfa að prenta ritvinnslugögn en hafa ekki notendanafn og prentkvóta hjá Reiknistofnun.

Aðgangur að rafrænum gögnum

Áskriftum að rafrænum gögnum fjölgaði nokkuð á árinu einkum styrktaráskriftum. Til dæmis bættist við áskrift að JSTOR sem veitir aðgang að heildartextum tímarita í viðskipta- og hagfræði. Hún er greidd af Hollvínasamtökum Viðskipta- og hagfræðideildar með stuðningi Hampiðjunnar hf. og Hvals hf. Verkfræðingafélag Íslands greiddi eins árs áskrift að gagnasafninu EngNetBase sem hefur að geyma heildartexta hátt í 200 handbóka, CRC – handbooks, í verkfræði og raunvísindum. Þessi gagnasöfn eru eingöngu aðgengileg á háskólanetinu. Landsmenn hafa nú aðgang að bókræðilegum gagnasöfnum og tímaritum á svo til öllum fræðasviðum.

Vefur safnsins

Upplýsingadeild var falin umsjón með vefsíðum safnsins í apríl 2000 og annast Ingibjörg Árnadóttir ritstjórn þeirra. Nýr vefur var opnaður í júní 2001 og hefur hann verið í stöðugri þróun síðan. Séríður upplýsingadeildar varða einkum aðgang að gagnasöfnum, völdu efni af Netinu, heimildaleit og notendafræðslu og eru þarfir háskólafélags einkum hafðar í huga. Leitast er við að gera mismunandi efni s.s. tímarit, gagnasöfn, fagsíður á Netinu og ýmiss konar fræðsluefni aðgengilegt á vefnum, flokkað eftir einstökum fræðigreinum. Þannig hefur deildin séð um að sameina ýmsa tímaritalista og auðvelda þar með aðgang að þeim. Komið var upp heildarskrá í stafrófsröð um prentuð og rafræn tímarit í áskrift safnsins, rafræn tímarit á landsaðgangi, bæði frá einstökum útgefendum og þau sem eru í heild inni í gagnasöfnum s.s. ProQuest, JSTOR og ABELL. Þar eru einnig upplýsingar um forða og hvar ritin eru aðgengileg. Samtals eru upplýsingar um eða tenglar við um 10 þús. blöð og tímarit. Ennfremur var unnið að því að gera flokkaða lista um þessi tímarit eftir fræðigreinum og eru nú 35 slíkir listar aðgengilegir á vef safnsins.

Notendafræðsla

Fræðsla á vefsíðum safnsins er vaxandi þáttur í notendafræðslunni. Til viðbótar við almennar leiðbeiningar við heimildaleit hafa nú verið gerðar sérstakar síður um leitartækni, leiðbeiningar um notkun einstakra gagnasafna og um heimildaleit innan einstakra fagsviða. Þar er leitast við að benda notandanum á mismunandi hjálpargögn eftir eðli viðfangsefnisins svo og á leiðir frá tilvísunum í efni til heildartexta.

Safnkynningar voru með líku sniði og undanfarin ár. Um 2.560 (2.045) manns fengu kynningu á safninu, 31 (37) hópur frumkynningu og 22 (20) hópar komu í framhaldskynningu. Þar af voru þrjár kynningar fyrir kennara og sóttu þær 38 manns. Fjórar kynningar voru haldnar fyrir starfsmenn safnsins, þar af tvær þar sem starfsmenn unnu verkefni í tölvuveri. Bæklingunum *Velkomin í Þjóðarbókhöðu* og *Velkomin á vef safnsins* var dreift á kynningarfundum nýnema þar sem safnkynningu var ekki viðkomið.

Bæklingar

Til stuðnings notendafræðslunni voru á árinu gefnir út 11 (15) nýir bæklingar á vegum upplýsingadeildar, 34 (33) voru endurnýjaðir að talsverðu leyti og nokkrir endurprentaðir án breytinga. Bæklingarnir liggja frammi á öllum hæðum bókhöðunnar, í útibúum eftir því sem við á og um 30 þeirra eru aðgengilegir á vef safnsins. Auk þess er þeim dreift í safnkynningum og við önnur tækifæri eftir því sem tilefni er til. Hér fyrir neðan er listi yfir nýja bæklinga frá upplýsingadeild fyrir árið 2002.

Þjónusta við fjarnema í Háskóla Íslands, 2002 (1)
 Rafræn gagnasöfn – Historical Abstracts, 2002 (1)
 Rafræn gagnasöfn – MLA, 2002 (1)
 Rafræn gagnasöfn – PsycInfo í Ovid, 2002 (1)
 Leitartækni í gagnasöfnum 2001, 2002
 Internet – nokkur vefföng í lyfjafræði, 2002
 Internet – nokkur vefföng í viðskipta- og hagfræði, 2002
 Hvar eru rit í táknafræði? 2002 (1)

Listi yfir bæklinga sem hafa verið uppfærðir og endurútgefnir á árinu 2002:

Hvar eru rit í bókasafns- og upplýsingafræði? 2002
 Hvar eru rit í bókmenntum? 2002
 Hvar eru rit í ensku? 2002
 Hvar eru rit í ferðamálafræði? 2002
 Hvar eru rit í félagsfræði? 2002
 Hvar eru rit í fjölmiðlafræði? 2002
 Hvar eru rit í frönsku? 2002
 Hvar eru rit í guðfræði? 2002
 Hvar eru rit í heimspeki? 2002
 Hvar eru rit í hjúkrunarfræði? 2002
 Hvar eru rit í íslenskum bókmenntum og málfræði? 2002
 Hvar eru rit í jarðfræði? 2002
 Hvar eru rit í landafræði? 2002
 Hvar eru rit í ljósmóðurfræði? 2002
 Hvar eru rit í lyfjafræði? 2002
 Hvar eru rit í mannfræði og þjóðfræði? 2002
 Hvar eru rit í náms- og starfsráðgjöf? 2002
 Hvar eru rit í sagnfræði? 2002
 Hvar eru rit í sálarfræði? 2002
 Hvar eru rit í sjúkraþjálfun? 2002
 Hvar eru rit í spænsku? 2002
 Hvar eru rit í stjórnmálafræði? 2002
 Hvar eru rit í tannlækningum? 2002
 Hvar eru rit í uppeldis- og menntunarfræði? 2002
 Hvar eru rit í viðskiptafræði? 2002
 Hvar eru rit í þýsku? 2002
 Greinir, 2002
 Velkomin á vef safnsins, 2002
 Velkomin í Þjóðarbókhöðu, 2002
 Welcome, 2002

Internet – nokkur vefföng um bókmenntir, 2002
 Internet – nokkur vefföng í sjúkrajálfun, 2002
 Rafræn gagnasöfn – Cambridge Scientific Abstracts. 2002 (Ný og mikið breytt útgáfa)
 Rafræn gagnasöfn – Engineering Village 2. 2002. (Ný og mikið breytt útgáfa)
 Rafræn gagnasöfn – ProQuest. 2002. (Ný og mikið breytt útgáfa)
 Rafræn gagnasöfn – Web of Science. 2002 (Ný og mikið breytt útgáfa)
 Rafræn gagnasöfn: frá gagnasöfnum til heildartexta, 2002 (Ný og mikið breytt útgáfa)

Starfsmenn

Elfa Kristinsdóttir, sem verið hefur í hálfu starfi í upplýsingadeild, fór í fæðingarorlof í júlí og Stefanía Arnórsdóttir, sem áður var í hálfu starfi í deildinni, kom í fullt starf í byrjun september. Starfsmenn eru nú sex í fimm og hálfu stöðugildi. Bryndís Ísaksdóttir var í rannsóknarleyfi í aprílmánuði og Stefanía Arnórsdóttir sótti tveggja vikna námskeið um notendafræðslu í Kaupmannahöfn. Þá gafst starfsmönnum deildarinnar kostur á að sækja nokkra kynningarfundir og stutt námskeið um rafræn gögn á vegum söluaðila sem hingað komu á vegum landsaðgangsins.

Önnur verkefni

Samstarfshópur um notendakannanir, sem í sátu Áslaug Agnarsdóttir, Halldóra Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Árnadóttir, Stefanía Arnórsdóttir og Þóra Gyldfadóttir, sótti um styrk úr Nýsköpunarsjóði til verkefnisins „Hönnun notendakannana í rafræna bókasafninu“. Verkefnið hlaut styrk sem nam tveimur mannmánuðum en mótframlag safnsins nam einum mánaðarlaunum. Elín Sigurðardóttir BA í félagsfræði var ráðin til að hanna fjórar kannanir: eina um almenna þjónustu safnsins, aðra um notkun bóka- varða í framhaldsskólum á hvar.is og tvær um notkun háskólasamfélagsins á rafrænum gögnum. Stefanía Arnórsdóttir hafði umsjón með verkefninu og könnuninni um notkun á hvar.is í framhaldsskólum sem framkvæmd var í nóvember. Áætlað er að hinar kannanirnar þrjár verði gerðar á fyrri hluta ársins 2003.

Safnið tók þátt í alþjóðlegri Viku símenntunar sem haldin var 9.–15. september undir forystu Menntar og menntamálaráðuneytisins. Á fræðsluhátíð vikunnar í Smáralind laugardaginn 14. sept. var safnið með upplýsingabás þar sem vefur safnsins bok.hi.is og hvar.is voru kynntir. Ennfremur voru haldnar kynningar fyrir starfsmenn safnsins á degi símenntunar 13. september og sóttu þær 20 manns.

Ingibjörg Árnadóttir starfaði áfram í undirbúningshópi um almenningsaðgang að Aleph, hinu nýja tölvukerfi sem tekið verður í notkun á árinu 2003, og Anna Jensdóttir starfaði í tónlistarhópi um fyrirkomulag tónlistarleitar í kerfinu. Bryndís og Stefanía starfa í vinnuhópi um notendafræðslu í háskólabókasöfnum. Hópurinn er m.a. að undirbúa fjölþjóðlega ráðstefnu, Creating Knowledge III, sem haldin verður hér á landi í september 2003 og fjallar um málefni tengd upplýsingalæsi. Stefanía hefur ennfremur verið í samstarfshópum innan safnsins í tengslum við galdra í bókhöðunni á Menningarnótt Reykjavíkurborgar og um námskeiðahald á vegum safnsins.

Tón- og mynddeild

Starfsemi tón- og mynddeildar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Starfsfólki deildarinnar hefur ekki fjölgað en góð samvinna var enn sem fyrr við aðra starfsmenn upplýsingadeildar og einnig þá starfsmenn útlánadeildar sem sinna vöktum á 4. hæð. Helga Sveinbjarnardóttir hefur flokkað smáprent deildarinnar og Laufey Einarsdóttir vann að skrá um kvikmyndir á myndböndum. Á árinu 2001 tók deildin að sér að annast söfnun og skráningu útgefna íslenskra heimilda um tónlist í alþjóðlega gagnagrunninn RILM (*Répertoire International de Littérature Musicale*). Stefanía Arnórsdóttir vann einn morgun í viku við þessa skráningu. Færslur voru sendar í

skrána í mars og mikið efni bíður yfirlestrar og sendingar. Ennfremur vann Monika Magnúsdóttir við skráningu á „Íslenskum“ diskum sem gefnir eru út erlendis, *Islandica Extranea*. Þeim fjölgaði úr 476 í 732 á árinu.

Útlán myndbanda jukust og fyrirspurnum um efniskost deildarinnar fjölgaði nokkuð en áhorf á myndbönd og hlustun á hljóðrit dróst lítillega saman. Nokkrir aðilar fengu tímabundna vinnuaðstöðu í upptökuherbergi deildarinnar vegna útgáfustarfsemi og ritgerðasmíða.

Listi um tónlistartímarit, prentuð og rafræn, sem aðgangur er að í safninu var settur á vef safnsins. Upplýsingum um deildina og skylduskil á hljóðritum var komið á vefsíður SFH (Samband flytjenda og hljómplötuútgefenda), FT (Félag tónlistarskólakennara), FÍH (Félag íslenskra hljómlistarmanna) og á tónlistarsíðuna musik.is.

Nýtt og fullkomnara sjónvarpstæki, sem skilar öllum kerfum mynddiska í lit, var keypt á árinu. Nýjar hillur voru settar upp til hliðar við handbókasafn deildarinnar.

Deildinni bárust ýmsar gjafir á árinu, m.a. gaf Jóhanna Sigurðardóttir 40 íslenskar hljómplötur, 10 íslenskar hljómplötur í góðu ástandi komu frá Sorpu og 15 erlendir geisladiskar frá Terry G. Lacy.

Þjóðdeild

Hlutverk

Markmið þjóðdeildar er að varðveita íslenskan ritakost og veita aðgang að honum. Þjóðdeild hefur m.a. umsjón með aðaleintaki og varaeintaki íslenskra rita, sér um lestrarsal deildarinnar og þjónustu við fræðimenn sem þangað leita. Deildin annast um sérsöfn bókasafnsins.

Lánþegar

Fjöldi gesta á lestrarsali handrita- og þjóðdeildar voru samtals 8.100, þ.e. fjöldi skráður í gestabók deildarinnar. Lánþegar án skírteinis voru 90. Lán á lestrarsal voru alls 14.738, þ.e. fjöldi skráður í *Gegni* þó er eitthvað um óskráð lán og á það við þegar gögn eru ótengd. Fyrirspurnir og heimildaleitir voru 72. Afgreidd ljósrit: 2.339. Ótalin eru t.d. notkun á filmum eldri bóka, blaða, fisja og notkun á handbókum. Talning smælkis er fólgin í fjölda kassa er notendur fara í gegnum sjálfir.

Varaeintakasafn

Margrét Guðjónsdóttir vann við varaeintakasafnið í Reykholti í fullri vinnu og Gíslína Jensdóttir í hálfu starfi. Áfram var unnið við varaeintakasafnið í Reykholti í einu og hálfu stöðugildi.

Sérsöfn

Á árinu var lokið við að tengja sérsafn Davíðs Björnssonar, útgefanda í Vesturheimi og Sænsku söfnin svo og handbókasafn kortadeildar.

Unnið hefur verið við sérsafn Jóns Steffensen frá lokum maí og er áætlað að vinna við safnið standi fram á mitt ár 2002. Sigurður Örn Guðbjörnsson vann við safn Jóns Steffensens í fullu starfi frá 1. janúar til ágústloka. Frá september til ársloka vann hann í 20%. Efni hefur verið flokkað, skráð og búið til bókbands. Ákvörðun var tekin í febrúar um að binda inn bækur o.fl. í safni Jóns Steffensen og ráðinn til þess bókbindari, Hjörleifur Hjörtpórsson sem hóf störf 1. apríl. Kostnaður greiddur af erfðafé Jóns.

Unnið hefur verið jafnt og þétt við merkingar bóka í sérsöfnum. Lokið var við flokkun og röðun á óskráðu efni úr safni Benedkits S. Þórarinssonar og tengingar á tímarritum í sama safni voru hafnar á árinu.

Óskráð efni

Nýtt kerfi á flokkum smælkis var tekið í notkun í ársbyrjun 2002. Er það fínflokkaðra og hefur það reynst vel.

Bókminjasafn

Í salnum hefur er sýningarefni sem minnir á merkilega þætti í sögu íslenskrar ritmenningar og bókagerðar. Þar er að finna margar merkar útgáfur. Elstu tímaritin eiga þar fulltrúa, og kappkostað hefur verið að sýna þar fallegt og vel unnið band. Keppikefli er að bækur helstu íslenskra höfunda sé þar að finna. Tölverðu af ritum var bætt í bókminjasafn á árinu. Formleg afhending 230 bóka úr safni Torfa Hjartarsonar, sáttasemjara var 21. maí og eru þær allar í bókminjasafni. Kynningarbæklingur var gefinn út um Torfasafn, og veglegri bæklingur um bókastofu almennt. Þjóðdeild hefur staðið að eftirfarandi sýningum á árinu í bókastofu Þjóðmenningarhúss: Vestur íslenskar bókmenntir (sumarsýning) og var kynningarspjald gert í tilefni sýningarinnar. Í samstarfi við Skólavefinn ehf. eru haldnar sýningar undir yfirskriftinni Skáld mánaðarins. Á árinu voru haldnar sýningar um Stephan G. Stephansson, Egill Skalla-grímsson og Einar Sigurðsson í Eydölum

VESTNORD

Unnið var sem áður að VESTNORD verkefninu, safni blaða og tímarita á Netinu, og í árslok höfðu 199 tímarit verið skrá, 16 frá Færeyju, 4, frá Grænlandi og 179 frá Íslandi. Þá höfðu í árslok 74 tímarit verið mynduð, 9 frá Færeyjum, 3 frá Grænlandi og 62 frá Íslandi, og 40.986 síður myndaðar, 11.105 frá Færeyjum, 4.007 frá Grænlandi og 25.876 frá Íslandi. Verkefnið var opnað almenningi á Íslandiaf menntamálaráðherra 23. september. Í Færeyjum 16. september og 15. nóvember á Grænlandi. Verkefnisstjóri er Örn Hrafnkelsson.

Ýmislegt

Aðventu- og jólasýning þjóðdeildar var opnuð 29. nóvember. Jólagjafir, jólamatur og jólatré voru einkum viðfangsefni sýningarinnar. Bækling með sýningunni gerðu Anna Halla Björgvinsdóttir og Ingibjörg Gísladóttir.

Farið var yfir bókagjöf Þorvarðar Magnússonar og eintök valin í aðalkost þjóðdeildar svo og í bókminjasafn.

Unnið var að eintakstengingu og staðsetningu á stökum, óbundnum tímaritum.

Starfsmenn deildar

Stöðugildi á þjóðdeild voru í árslok 2002 6.4 sem unnin voru af 8 starfsmönnum. Yfir sumarmánuðina var Íris Ellingsen, nemi við Háskóla Íslands, fengin til að vinna að við skráningu í VESTNORD verkefninu sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Ásdís Paulsdóttir lét af störfum 1.september og kom Bryndís Vilbergsdóttir í hennar stað í 50% vinnu aðstoðarmanns.

Kvennasögusafn Íslands

Kvennasögusafn Íslands tók formlega til starfa í Þjóðarbókhöfðu 5. desember 1996. Erla Hulda Halldórsdóttir var ráðin forstöðumaður og gegndi því starfi til júní 2001 er Auður Styrkárstöttir var ráðin forstöðumaður. Kvennasögusafn réð Ernu Sverris-

dóttur bókmenntafræðing til sérverkefna og sumarafleysinga tímabilið 15. maí – 15. ágúst 2000. Í stjórnarnefnd safnsins 1999–2002 sitja Emilía Sigmaradóttir, fulltrúi Landsbókasafns, Sigríður Th. Erlendsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum, og Stefanía María Pétursdóttir, fulltrúi Kvenfélagsambands Íslands.

Kvennasögusafn hefur það að markmiði að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Það miðlar þekkingu um kvennasögu og aðstoðar þá sem til þess leita við öflun heimilda vegna rannsókna á sviði kvenna- og kynjafræða. Til safnsins leita einkum nemendur og fræðimenn sem vinna að stórum eða smáum rannsóknarverkefnum. Þá berast safninu fyrirspurnir frá einstaklingum sem fást við greina- og bókaskrif.

Kvennasögusafn hefur átt gott samstarf við NIKK, Nordisk institutt for kvinne- og kjønnsforskning, en sú stofnun er rekin af Norrænu ráðherranefndinni og hefur aðsetur í Osló. NIKK gekkst fyrir námsstefnu starfsmanna norrænna kvennasögusafna í Gautaborg dagana 18.–19. október 2001, sem forstöðumaður Kvennasögusafns sótti. Þar var ákveðið að hefja undirbúning að sameiginlegu verkefni norrænna kvennasögusafna sem lúta mun að því að koma á framfæri upplýsingum um nýju kvennahreyfinguna í máli, myndum og tónum. Forstöðumaður Kvennasögusafns á sæti í nefnd þeirri er undirbýr verkefnið. Forstöðumaður á einnig sæti í faglegri undirbúningsnefnd að ráðstefnu sem NIKK ráðgerir árið 2004 um kvennahreyfingar á Norðurlöndunum. Sterklega kemur til greina að halda hana í Reykjavík og vinnur forstöðumaður að undirbúningi þess.

Kvöldvaka Kvennasögusafns var haldin í fyrsta sinni 5. desember 1996 með ljóðalestri, söng og fyrirlestrum fræðimanna á sviði kvenna- og kynjafræða og hefur síðan verið árviss viðburður í starfi safnsins. Alls höfðu 20 konur flutt erindi á kvöldvöku sem haldin hafði verið sjö sinnum í árslok 2002. Þá hafa skáldkonur lesið eigin ljóð og annarra, auk tónlistar sem flutt hefur verið af konum.

Á þeim árum sem Kvennasögusafn hefur starfað í Þjóðarbókhöðu hefur það staðið fyrir nokkrum sýningum á gögnum og munum sem tengjast sögu kvenna. Á árinu 2002 hélt áfram sýningin undir heitinu „Fellingar“. Hér er um að ræða röð smásýninga sem Kvennasögusafn og Landsbókasafn halda í samvinnu við 13 myndlistakonur og sýnir hver þeirra verk sín um eins mánaðar skeið. Hún var opnuð 19. júní 2001 en gert hlé um mitt ár 2002 vegna umfangsmikils sýningahalds í Þjóðarbókhöðu.

Kvennasögusafn gaf út bæklinginn *Kvennasöguslóðir í Kvosinni* á árinu 2002. Bæklingurinn lýsir viðkomustöðum í elsta hluta Reykjavíkur þar sem konur koma eða hafa komið við sögu. Útgáfudagur var valinn 19. júní og í tilefni hans var gönguleiðin opnuð með viðhöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Borgarstjóri, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ávarpaði göngugesti og Auður Styrkarsdóttir forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands flutti stutt erindi. Ríflega 100 manns mættu í Ráðhúsið og gengu undir leiðsögn Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings. Gangan var auglýst í samvinnu við Kvenréttindafélag Íslands sem bauð gestum til kaffisamsætis að henni lokinni, en KRFÍ hélt þannig upp á 95 ára afmæli sitt.

Kvennasögusafni berst árlega töluvert af gögnum og eru gefendur bæði einstaklingar og félagasamtök kvenna. Umfangsmestu gjafirnar á árinu 2002 voru fundagerðabækur Zontaklúbbs Reykjavíkur er Sylvía Briem afhenti og 12 bækur úr fórum Árnýjar Filippusdóttur, skólastýru Kvennaskólans á Hverabökkum. Bækurnar eru ræðubækur, minningabækur og fundagerðabækur námsmeyja á árunum ca. 1940–1943, allar handskrifaðar.

Stoðdeildir

Bókbandsstofa

Starfsemi bókbandsstofu var fram haldið í samræmi við þá endurskipulagningu sem gerð var með góðum árangri á árunum 2000 og 2001. Í byrjun ársins var ákveðið að hefja vinnu við að binda inn ýmis verk úr safni Jóns Steffensen, og er kostnaður við það greiddur af sjóði sem Jón ánafnaði safninu. Til verksins var ráðinn bókbindari í fullu starfi og hóf hann störf þann 1. apríl. Nokkrar breytingar voru á starfsmannahaldi og ennfremur varð sú skipulagsbreyting að aðstoðarmaður við kjalmerkingar rita fluttist til skráningardeildar. Vegna þessa fækkaði ársstörfum nokkuð og skýrir það að einingafjöldi bókbands er lægri í ár en árið 2001.

Á bókbandsstofu starfa varðveislustjóri safnsins, yfirbókbindari, bókbindari og aðstoðarmaður bókbindara. Tveir starfsmenn sem ráðnir voru með aðstoð frá Atvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins unnu hálf tveimur árið í hálfu starfi hvor, við frágang rita, einkum stífingu á kiljum.

Myndastofa

Myndastofa myndar DV, Fréttablaðið og Morgunblaðið á örfilmu jafnóðum og þau koma út. Haldið var áfram að mynda á örfilmu rit þjóðdeildar samkvæmt forgangsroð við afritun. Lokið er við að mynda öll dagblöð sem hætt eru að koma út og unnið var við að mynda DV fram til 1994. Að venju voru nokkur handrit og bækur úr þjóðdeild mynduð og deildin veitti aðstoð við sýningar á vegum safnsins. Myndastofa sá áfram um myndun rita sem birt verða sem stafrænar myndir í Sagnaneti og VESTNORD verkefnum. Myndatöku fyrir Sagnanetið lauk á árinu en fyrir VESTNORD verkefnið voru myndaðar um 35.000 bls. Stafræna myndavélin bilaði tvisvar á árinu og varð að senda hana til framleiðanda til viðgerðar. Það ásamt langvarandi veikindum starfsmanna olli því að framleiðsla mynda varð mun minni en til stóð. Í árslok var ákveðið að festa kaup á nýrri stafrænni myndavél og verður hún mun afkastameiri og fullkomnari en sú sem fyrir er.

Viðskiptavinir myndastofu óska í mjög auknum mæli eftir að fá myndir á stafrænu formi og var brugðist við því með því að setja upp í myndastofu búnað til að afhenda stafrænar myndir. Þegar ný stafræn myndavél verður tekin í notkun mun núverandi myndavél m.a. verða notuð til að sinna pöntunum og ýmsum sérverkefnum.

Á ljósmyndastofu starfar ljósmyndari og tveir starfsmenn við stafræna myndatöku. Tveir starfsmenn sem ráðnir voru með aðstoð frá Atvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins unnu hálf tveimur árið í hálfu starfi hvor, við örfilmumyndatöku.

Viðgerðarstofa

Sú breyting varð á árinu að Rannver Hannesson forvörður og varðveislustjóri safnsins fékk frá og með 1. september ársleyfi frá störfum. Til að sinna forvörslustarfi Rannvers meðan hann er í leyfi var ráðin Ingibjörg Áskelsdóttir sem lokið hefur námi í forvörslu frá The London Institute, Camberwell College of Arts og síðan starfað hjá British Library. Starfsemin var hvað forvörslu snertir svipuð en auk viðgerða á handritum og bókum fyrir þjóðdeild var Listasafn Íslands aðstoðað við viðgerð á 22 blýantsteikningum sem blotnað höfðu er bruni kom upp í geymslu Listasafnsins í Faxafeni í Reykjavík.

Á viðgerðarstofu starfar sem fyrr einn forvörður.

Fjölföldun og fjölföldunarstofa

Á fjölföldunarstofu var sem fyrr einn starfsmaður í fullu starfi og er stofan opin safngestum hálfan daginn. Starfsmaðurinn hefur einnig umsjón með ljósritunarvélum starfsmanna og notenda, og öllum les- og lesprentvélum fyrir örfilmur og fisjur sem eru í safninu. Á árinu voru tvær ljósritunarvélar fyrir safngesti endurnýjaðar með stafrænum ljósritunarvélum, önnur á 2. hæð og hin á 4. hæð. Ljóst er að á hverju ári þarf bæði að endurnýja vélar safngesta og starfsmanna. Á árinu 2001 ágerðust mjög vandamál vegna kortalesara fyrir ljósritunarkort. Mjög dýrt er að fá nýja lesara af sömu gerð og því var ákveðið að endurnýja þá alla og kaupa nýja mun ódýrari gerð kortalesara, og var það gert um mitt sumar. Þeir hafa reynt vel.

Tölvuþjónusta – Upplýsingakerfi Landsbókasafns

Í byrjun árs var netkerfi safnsins endurbætt með því að kaupa og setja upp netbúnað til að auka hraðann í 1 Gbit/s milli leiðargreina og 100 mbit/s frá leiðargreini í vinnustöðvar starfsmanna, og jafnframt nýjan net- og skráarþjón fyrir starfsmenn ásamt vefþjóni og töluverðu diskarými. Einnig voru á vordögum keyptar og settar upp tölvur og prentarar í stað þeirra Gegnisskjáa og prentara sem úreldast þegar nýtt bókasafnskerfi verður tekið í notkun. Það var fyrirhugað í lok ágúst 2002. Það gekk ekki eftir og í lok ársins var gert ráð fyrir að nýtt Gegniskerfi verði tekið í notkun í lok febrúar 2003. Unnið var að gerð vefsíðna með leiðbeiningum um notkun tölvukerfa safnsins fyrir starfsfólk og safngesti og voru þær tilbúnar á árinu. – Unnið var að hönnun og forritun við VESTNORD verkefnið og um haustið var vefur VESTNORD opnaður í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi, og veitir hann aðgang að þeim blöðum og tímaritum sem mynduð hafa verið. Enn er ólukið við að mynda mikið af ritum og ennfremur að ljóslesa myndir til að búa til leitarhæfan texta og búa til leitarkerfi fyrir þann þátt. Þessu verður lokið 2003. – Gerðar voru tilraunir með söfnun íslenskra vefsíðna til undirbúnings því að ný skylduskilalög, sem taka gildi 1. janúar 2003, gera safninu skylt að safna öllum útgefnum íslenskum vefsíðum. Notaður var Netlib vefsöfnunarhugbúnaður en til að veita aðgang að vefsafninu verður notaður hugbúnaður sem þróaður er í norrænum samvinnuverkefnum sem NWA og NWAII (sjá kafla um það). Um haustið var hafist handa við að endurnýja hugbúnað Sagnanetsins. Því verki var ekki lokið um áramót.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi við umsjón með og endurnýjun á tölvukerfum safnsins, aðstoð við notendur, aðstoð við þróunarverkefni og gerð vefsíðna með leiðbeiningum fyrir safngesti.

Einn starfsmaður vann við gerð vefsíðna og umsjón með innri og ytri vef safnsins. Við uppbyggingu hins stafræna bóksafns (Sagnanet, kort, VESTNORD og söfnun vefsíðna) unnu tveir starfsmenn, annar var í fullu starfi frá áramótum til 1. september og í hálfu starfi til áramóta. Hinn var ráðinn í fullt starf í júní.

Kerfisþjónusta

Einn kerfisbókavörður sinnti á árinu hefðbundinni kerfisþjónustu Gegnis. Hann hefur einnig unnið mikið starf ásamt ýmsum starfsmönnum safnsins bæði við að undirbúa yfirfærslu gagna úr Gegni í nýja kerfið (sem einnig verður nefnt Gegnir) og við margvíslegan annan undirbúning vegna kerfisskiptanna. Búist var við að þau yrðu í lok ágúst 2002. Það gekk ekki eftir og í lok ársins var gert ráð fyrir að nýtt Gegniskerfi verði tekið í notkun í lok febrúar 2003. Ekki þarf að orðlengja að þessi töf er mjög bagaleg og veldur safninu miklum aukaútgjöldum. Með tilkomu nýs kerfis mun Landskerfi bókasafna sjá um alla þjónustu við kerfið og mun Landsbókasafn greiða fyrir þá þjónustu. Það gjald er áætlað að verði verulega hærra en kostnaður

safnsins vegna reksturs Gegnis á undanförunum árum. Því var í byrjun ársins ákveðið að leggja niður kerfisþjónustu Landsbókasafns og þar með starf forstöðumanns hennar og ákveðið að lykilotendur í einstökum deildum önnuðust samskipti við Landskerfið og veittu eftir fönnum samstarfsmönnum aðstoð við notkun nýja Gegnis.

Rafræn gögn og landsaðgangur

Landsbókasafn kaupir aðgang að fjölmörgum rafrænum gagnasöfnum og tímaritum ýmist með þátttöku í landsaðgangi, samvinnu við önnur söfn og stofnanir eða eitt sér. Á árinu voru allir samningar safnsins vegna Háskóla Íslands endurnýjaðir nema að gagnasafninu PAIS í Cambridge Scientific Abstracts. Ennfremur var bætt við aðgangi að tveimur gagnasöfnum, þ.e. JSTOR (tímaritasafn á sviði hagfræði og viðskiptafræði) en áskriftin er greidd af hollvinafélagi viðskipta- og hagfræðideildar, og CRC handbooks (handbækur í verkfræði) sem Verkfræðingafélag Íslands greiðir. Sjá nánar kafla um aðfangadeild og upplýsingar á vefnum www.hvar.is.

Að fyrirhuguðri Verkefnisstjórnar um aðgang að gagnasöfnum sá Landsbókasafn áfram um framkvæmd landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Starfsmaður safnsins sá um samskipti við birgja og notendur, kynningarstarfsemi og viðhald á vef Verkefnisstjórnar www.hvar.is.

Stefna um kostnaðarhlutdeild vegna aðgangs að rafrænum gagnasöfnum var óbreytt og útfærð í samræmi við kostnaðarskiptingarlíkan skv. minnisblaði verkefnisstjórnar til menntamálaráðherra, dags. 27. desember 2000. Innheimta gekk vel að því undanskildu að ljóst var að ekki er grundvöllur fyrir því að innheimta hjá einkafyrirtækjum nema í mjög litlum mæli og að menntamálaráðuneyti greiddi ekki sinn hlut skv. kostnaðarlíkaninu.

Landsbókasafn hefur fyrir hönd verkefnisstjórnar séð um að greiða alla reikninga frá þeim birgjum sem skipt er við þannig að engin vanskil eru við upplýsingasala. Þetta hefur valdið verulegri röskun á fjárhag safnsins, því í árslok nam skuld verkefnisstjórnar við safnið um 23,6 milljónum króna.

Í desember var gerður þjónustusamningur milli menntamálaráðuneytis og Landsbókasafns um framkvæmd samninga um landsaðgang við rétthafa rafrænna gagnasafna og útgefendur rafrænna tímarita. Á fjárlögum ársins 2003 er úthlutað 20 milljónum króna til að standa straum af kostnaði við samninginn, þ.e. til að taka þátt í kostnaði við áskriftir og til að greiða laun starfsmanna safnsins sem munu sjá um samningagerð, umsýslu með samningum við birgja, kynningu, kennslu og innheimtu hjá þeim sem taka þátt í kostnaði við landsaðganginn.

Einn starfsmaður vann í fullu starfi við umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum www.hvar.is og ýmis önnur störf sem tengjast landssamningum. Nokkrir aðrir starfsmenn komu einnig að ýmsum tengdum störfum svo sem við útskrift og innheimtu reikninga og samningagerð.

Þróunarverkefni í upplýsingatækni

VESTNORD (Tímarit og blöð á Netinu)

Verkefnið hófst sumarið 1999 og hlaut þá styrk frá RANNÍS og síðla sama ár fékkst styrkur frá NORDINFO til að vinna að verkefninu á árinu 2000. Í desember 2000 veitti NORDINFO viðbótarstyrk til verksins vegna áframhaldandi vinnu við það á árinu 2001. Áfram var unnið að skráningu og er henni að mestu lokið fyrir íslensk rit og langt komin hvað varðar færeysk og grænensk. Í lok ársins höfðu verið skráðir 179 titlar af u.þ.b. 250, samtals um 247.598 blaðsíður. Í Færeyjum höfðu verið skráðir

16 titlar, samtals 13.361 og á Grænlandi 4 titlar, samtals 12.041 blaðsíður. Í lok ársins höfðu alls verið myndaðir 74 titlar með 40.986 síðum, 9 titlar með 11.105 síðum frá Færeyjum, 3 titlar með 4.007 síðum frá Grænlandi og 62 titlar með 25.876 síðum frá Íslandi. Einn vinnufundur var haldinn á Íslandi í tengslum við alþjóðlegu ráðstefnuna „Digitization and delivery of cultural material“ sem haldin var í Landsbókasafni 29. – 30. ágúst.

Unnið var áfram að hönnun og forritun við verkefnið og um haustið var vefur VESTNORD opnaður þann 14. september í Færeyjum, þann 23. september á Íslandi og þann 15. nóvember á Grænlandi. Vefurinn veitir aðgang að þeim blöðum og tímaritum sem mynduð hafa verið. Enn er ólokið við að mynda mikið af ritum og ennfremur að ljóslesa myndir til að búa til leitarhæfan texta og búa til leitarkerfi fyrir þann þátt. Gert er ráð fyrir að ljúka verkinu árið 2003.

Í Færeyjum og Grænlandi var unnið að skráningu efnis sem þaðan kemur. Á Íslandi unnu auk verkefnisstjóra, Arnar Hrafnkelssonar, einn starfsmaður við skráningu í u.þ.b. 3 mánuði, tveir starfsmenn unnu megnið af árinu við myndatöku (sjá kafla um myndastofu) og tveir starfsmenn, hvorugur þó í fullu starfi, unnu við hönnun og forritun.

Ráðstefnan „Digitization and delivery of cultural material“

Dagana 29. – 30. ágúst var haldin í Landsbókasafni alþjóðleg ráðstefna um yfirfærslu menningarefnis á stafrænt form og hvernig veita megi aðgang að því. Ráðstefnuna sóttu 45 gestir frá Bandaríkjunum, Englandi Færeyjum, Grænlandi Svíþjóð og Íslandi. Tveir gestafyrirlesar voru á málþinginu, Merrilee Proffitt frá Reaseach Libraries Group og Paul Miller UKOLN, frá Interoperability Focus, University of Hull.

Vefsöfnun

Á vorþingi voru samþykkt ný skylduskilalög sem taka gildi 1. janúar 2003 og gera safninu skylt að safna öllum útgefnum íslenskum vefsíðum. Til undirbúnings því að framfylgja þessum lögum voru á árinu gerðar tilraunir með söfnun íslenskra vefsíðna. Norrænu þjóðbókasöfnin hafa um nokkurt skeið undirbúið söfnun allra vefsíðna hvers lands fyrir sig og vistun þeirra til frambúðar í vefsíðusafni sem aðgangur er að. Sumarið 2000 fengu þjóðbókasöfnin sameiginlega styrk frá NORDUNET2 til þess að gera efnisyfirlit yfir hinar vistuðu vefsíður og gera leitar- og aðgangsforrit sem gera notandanum kleift að vinna með vefsafnið á svipaðan hátt og við hinn raunverulega vef. Verkefnið heitir *Nordic Web Archive* (NWA) og því lauk um mitt ár 2002. Nauðsynlegt var talið að auka við verkið og í nóvember var sótt um styrk til þess til NORDINFO. Styrkurinn fékkst og verður verkefninu, sem kallast NWAII, lokið haustið 2003. Þá verður hugbúnaðurinn vistaður í norska þjóðbókasafninu og gerður aðgengilegur öllum sem opinn hugbúnaður. Þessi hugbúnaður verður notaður til að veita aðgang að hinu íslenska vefsíðusafni en til söfnunar á íslenskum útgefnum vefsíðum er notaður Netlib-vefsöfnunarhugbúnaður sem þjóðbókasafn Finnlands sér um að viðhalda. Tilraunin með söfnun vefsíðna lofar góðu og um áramót var gagnamagnið u.þ.b. 200 Gb. Það mun aukast talsvert á árinu 2003. Safnið fékk fjárveitingu á fjárlögum 2003 til að standa straum af kostnaði vegna skylduskila á rafrænum gögnum, þ.e. til kaupa á tölvubúnaði og til að greiða laun þeirra starfsmanna sem munu sjá um framkvæmdina.

Alþjóðleg verkefni

Safnið tekur þátt í undirbúningi tveggja alþjóðlegra verkefna á sviði stafrænna bókasafna. Hvorugt þeirra er fullákveðið því verið er að skilgreina þau til hlítar og leita leiða til að fjármagna þau. Verkefnin eru :

Nordic Journals

Í september fengu 8 söfn á öllum Norðurlöndum (Færeyjar og Grænland meðtalin) 2,4 milljóna króna (USD 28.000) styrk frá Andrew W. Mellon sjóðnum til að hanna sameiginlegan norrænan aðgang að þeim gagnasöfnum blaða og tímarita sem búin hafa verið til í VESTNORD og TIDEN verkefnunum. Landsbókasafn er umsjónaradili styrksins og veitir verkefninu forystu. Notaðar verða aðferðir sem skilgreindar eru í Open Archive Initiative (OAI <http://www.openarchives.org>) staðlinum til að safna skráningarupplýsingum um hvert gagnasafn á einn stað (í Stokkhólmi) og búa þar til efnisyfirlit yfir efnið. Gert verður vefviðmót þar sem notandinn getur leitað í efninu bæði skv. skráningarupplýsingum og í öllum textum og fengið veftilvísun til að skoða efnið þar sem það er geymt. Að verkinu loknu verður leitað eftir fé til framkvæmdarinnar hjá Andrew W. Mellon sjóðnum og NORDINFO.

Alþjóðleg vefsöfnun

Í september komu fram hugmyndir um að stofna til samstarfs milli nokkurra þjóðbókasafna og fyrirtækisins Internet Archive um að þróa nýjan fullkominn hugbúnað til að safna vefsíðum og til að veita aðgang að og vinna með þau vefsöfn sem vista vefsíðurnar. Þjóðbókasöfn Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Norðurlanda hafa sýnt þessu áhuga og kæmu Norðurlöndin sameiginlega fram sem einn aðili að samstarfinu. Haldnir voru tveir undirbúningsfundir, annar í Reykjavík og hinn í Kaupmannahöfn, og í desember var ákveðið að Norðurlöndin myndu gera sitt ítrasta til að taka þátt í þessu samstarfi. Í janúar 2003 verður haldinn undirbúningsfundur í París með fulltrúum safnanna og Internet Archive og er vonast til að þar verði tekin ákvörðun um framhaldið. Fulltrúi Norðurlandanna verður Þorsteinn Hallgrímsson.

Rekstur húss og lóðar

Hlutverk

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur hússins, hafa umsjón með kerfum, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Starfsmenn við húsrekstur eru fjórir eins og á síðasta ári.

Framkvæmdir

Hér verða nefndar helstu framkvæmdir á árinu. Vart var við leka í kjallara, þéttiskápar voru farnir að verða óþjálir í meðförum og trégólf undir þeim var farið að bólgnu. Gólfíð var opnað og í ljós kom að töluvert vatn var þar undir. Var það rakið að útvegg í norð-vesturhorni sem var opnaður. Reyndist hann vera blautur upp að steypuskilum rétt neðan við loftið. Línuhönnun var fengin að gera úttekt á lekanum og koma með tillögur að úrbótum. Gerðu þeir ástandskönnun, viðgerðartillögur og kosnaðaráætlun. Gerðar voru þrjár tillögur um þéttingu, ein var að dúkleggja síkið. Fyrir valinu varð tveggja þrepa þétting sem gengur út á að endurgera þéttingar úti og ídælingu innan frá með urepanefni á lekastað. Jafnframt yrði drengi út úr fúgunni á milli innri og ytri þéttingar allan hringinn. Verkið var síðan boðið út til þriggja aðila. Lægsta tilboð barst frá S.M. verktökum og var gengið frá samningi við þá um verkið. Fram-

kvæmdartími var 10. júní – 1. júlí. Vatni var hleypt á síkið skömmu seinna. Ákveðið var að frágangur inni myndi bíða næsta árs. Ekki var talið ráðlegt að loka útveggjum fyrr en sýnt væri að lekinn hefði stöðvast. – Stigahús 1 og 4 voru máluð. Taka þurfti gluggaáfellur úr og gera við skemmdir á botnstykkjum sem voru víða brotin og skemmd vegna raka. Einnig var farið í blettun víða um húsið. Var það framkvæmt af vaktmanni en í stigahúsin voru fengnir málarafrá Áferð ehf. – Smíðaður var kortaskápur fyrir þjóðdeild því skápar frá Rými Ofnasmiðjunni þóttu of dýrir og var ákveðið að smíða þá hér í húsi þrátt fyrir bága aðstöðu. – Bætt var við hillurekkum í geymslum handritadeildar. – Endurnýjuð var frystipressa fyrir frysti í kjallara. – Nýr upphringibúnaður var settur upp og tengjast öll boð beint til stjórnstöðvar Securitas sem hringir í umsjónarmenn hússins ef boð berast. – Skipt var um öll út-ljós í húsinu. Ný reglugerð segir að aðeins megi nota ljós með mynd af hlaupandi manni. Arkitekt valdi ljós frá S. Guðjónssyni og var verkið unnið af rafvirkja hússins. – Önnur grunnvatnsdælan bilar og er dæmd ónýtt, fengin var dæla að láni hjá Dælum hf. Ákveðið var að endurnýja dælurnar á næsta ári. – Varaaflgjafi bilaði og var ekki talið borga sig að gera við hann. Eftir athugun og verðsamanburð var pantaður nýr frá Nýherja. – Rafgeymar voru settir í stjórnskáp fyrir aðgangskortakerfi og í brunastöð. – Bætt var við einum hillurekka á 4. hæð (7 stafgólf). – Smíðaðir voru blindrammar fyrir Laxnesssýningu, rammarnir geta nýst í aðrar sýningar. Ýmist eru þeir á milli súlna eða helminginn af þeirri lengd. – Ullarklæði á stólum er farið að slitna, endurnýjaðir voru um 50 stólar aðallega fyrir notendur safnsins. Var það unnið af vaktmanni. – Settar voru merkingar á hillur í kjallara. – Útbúin var gardína fyrir ljósmyndavél á myndastofu á 1. hæð. Birtan frá vélinni er mjög sterkt og kvartaði fólk sem vann við vélina undan óþægindum. – Skjár viðhaldstölvu var dæmdur ónýtur og ákveðið að setja upp aðra vél sem safnið á. – Myndbandsupptökuvél bilaði, ekki talið borga sig að gera við hana, tæknideild Securitas lánaði vél þangað til eftir áramót. Tæknimaður frá þeim mælti með að farið yrði yfir í stafræna upptöku. – Tölvuskápar í kjörnum voru yfirfarnir og merkingar endurnýjaðar. – Fenginn var verktaki sem sérhæfir sig í stokkahreinsun til að hreinsa útsogsstokka frá mötuneyti. – Bætt var við vinnuástöðu í bókbandi, nýtt vinnuborð var smíðað hjá Trésmiðjunni Grein. – Í aðaltöfluherbergi kjallara var sett upp kælitæki, of mikill hiti var í herberginu sem gat skaðað búnað í töfluskápunum. – Loftræsikerfi yfirfarin og hreinsuð, skipt um dropaskiljur. – Trissuhjól og reimar í loftræsisamstæðum 1, 2, 3 og 4 endurnýjuð. – Ný starfsstöð var sett upp fyrir kerfisbókaverði á 4. hæð þar sem undanfarin ár var aðstaða fyrir bókasafnsfræðinema. – Rafvirki hússins vann að ýmsum lagfæringum og endurnýjun á ýmsum búnaði jöfnum höndum að meðaltali 20 klst. á mánuði.

Þrif

Ræsting hússins er í föstum skorðum. Nokkur sérverkefni voru unnin á árinu t.d. var rúðugler þrifið að innan, teppi voru þriffin á sumarmánuðum. Teppi hafa hægt og bítandi verið að missa gott útlit sitt. Fyrstu árin voru teppin eingöngu þriffin með þurhreinun en í seinni tíð hefur verið farið út í blauthreinsun í meira mæli, sem er öflugri hreinsun. Nú er svo komið að ákveðin svæði eru komin á seinni hluta líftíma, mesta álag er á göngubrautum og eru teppin verst við inngang inn á 3. og 4. hæð úr aðalstigahúsi. Fyrirtækið Skúfur sá um teppahreinsunina. – Ristar undir ljósum og loftræsiristar voru þrifnar.

Ýmislegt

Að vanda var fyrsta starfsdegi árssins varið í prófun öryggiskerfa og því tengt.

Lóð

Umhirða lóðar var með sama hætti og undanfarin ár. Ljósastaurar umhverfis síki voru yfirfarnir og málaðir einnig hindrunarstaurar framan við anddyri. Eldur kom upp í ljósastaur við tjörnina sunnan við húsið, kúpullinn brann en ekki urðu neinar aðrar skemmdir. Orsakir brunans eru ekki alveg ljósar, væntanlega frá perunni sem sprakk. Tyggjóklessur framan við anddyri voru hreinsaðar með háþrýsti-búnaði. Snjómokstur var ekki mikill á árinu. Komið er að því að mála þurfi bílastæði og verður hugað að því næsta sumar.

Varaeintakasafn í Reykholti

Ekki er ofsagt að rekstur hússins í Reykholti og kerfa þess hafi gengið brösótt á árinu, gluggar og veggir leka, útihurðir óþéttar og loftræsikerfi vinna ekki eins og gert var ráð fyrir. Hússtjórnartölva flakkar á milli höfuðborgarinnar og Reykholtis reglulega til yfirhalingar. Gerður var samningur við Kristín Hannesson um að vera til taks ef Öryggismiðstöðin fær boð um að öryggiskerfi fari í gang. Einnig á Kristinn að koma einu sinni í viku og ganga um húsið til eftirlits. Magnús, ráðinn húsvörður, hefur ekki sinnt því hlutverki sem hann var ráðinn í og leggur sig ekki eftir að læra á loftræsikerfið. Miklar fjarvistir hans gera það að verkum að ekki er hægt að treysta á hann ef eitthvað kemur upp á.

Menn frá Sólfelli voru við vinnu í húsinu í byrjun árs við að laga ýmsa þætti vegna brunaúttektar sem fór fram 11. september.

Í aprílmánuði var haldinn fundur í Reykholti með Hermanni Jóhannssyni frá menntamálaráðuneytinu, Guðmundi Pálssyni frá Framkvæmdasýslu ríkisins og nýráðnum landsbókaverði, Sigrúnu Klöru Hannesdóttur, Erni Hrafnkelssyni og Ólafi Guðnasyni. Farið var yfir stöðu mála, farið um húsið, lagnarými og gluggar skoðaðir. Ákveðið var að fá verktakafyrirtækið Sólfell til að gera við lekann, einnig að snúa hurð í starfsmannainngangi þannig að hún opnast út. Þessi hurð er óþétt, heldur hvorki vatni né vindi. Loftstokkar í lagnarýmum eru einangraðir með ull og byggingaplast klætt yfir ullina, límband sem heldur ullinni er farið að losna. Þetta þarf að laga, límband endist illa við svona aðstæður enda er þarna oft mikill hiti. Brunakerfi er ekki komið í virkni og voru menn ekki á því að vatn væri komið í vatnstank sem byggður var fyrir hverfið. Klefa þar sem sprinklerkerfið er þarf að hreinsa, mikill raki er í klefanum vegna slæms frágangs á lögnum. Ítrekað var af hálfu Landsbókasafns að þessi mál kæmst í lag hið fyrsta.

Í maímánuði var lyklakerfi hússins sett í. Sökum tíðrar rafmagnstruflana var settur spennuvaki í rafmagnstöflu og varaafgjafi við símstöð. Ræstingaverktaki var fenginn úr Reykjavík til að þrifa lagnaganga. Pantaðar voru hillur í neðri kjallara, uppsetning hófst í október, smiðir luku ekki við verkið eins og um var beðið og koma aftur til að laga það sem aflaga fór. Brunaúttekt fór fram í 2.–4. júlí samkv. skýrslu sem dagsett er 21. ágúst 2002. Fjöldi athugasemda var gerður og þær kynntar réttum aðilum. Afrit var sent til Hermanns Jóhannssonar í menntamálaráðuneytinu. Um áramót hafði ekki önnur úttekt farið fram og lítið vitað um framgang lagfæringa.

Viðgerð á gluggum hefur ekki tekist að fullu og er eitthvað um leka glugga í húsinu, hurðinni hefur ekki verið snúið eins og ákveðið var. Gerður var viðhaldssamningur við Rafþjónustu GS um umsjón með loftræsikerfi hússins. Eftir er að ganga frá eftirlitssamningi á sprinklerkerfi. Hann verður gerður þegar lokaúttekt hefur farið fram. Ítrekað hefur verið til menntamálaráðuneytis að þessi dráttur sé með öllu óviðunandi.

Fundir, ráðstefnur, námskeið og kynnisferðir

Anna María Sverrisdóttir

- Málþing Upplýsingar um faggáttir. Náum áttum í nýjum gáttum. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. febrúar 2002.

Áslaug Agnarsdóttir

- Málþing Upplýsingar um faggáttir. Náum áttum í nýjum gáttum. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. febrúar 2002. [Fundarstjóri.]

Einar Sigursson

- Málþing Upplýsingar um faggáttir. Náum áttum í nýjum gáttum. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. febrúar 2002. [Ávarp.]

Eiríkur Þormóðsson

- „The seventh international seminar on the care and conservation of manuscripts.“ Málþing haldið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn, 18.–19. apríl 2002.

Emilía Sigmarsson

- Sótti námskeið í Spænsku I. Málaskóli Mímis veturinn 2002.

Grímhildur Bragadóttir

- Málþing Upplýsingar um faggáttir. Náum áttum í nýjum gáttum. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. febrúar 2002.
- Málþing um hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í kennslu og rannsóknum við Háskóla Íslands. 3. maí 2002.
- Skjala- og önnur upplýsingastjórn hjá fyrirtækjum og stofnunum (10.01.14-20). Námskeið í Háskóla Íslands á vormisseri 2002.
- Landsfundur Upplýsingar. Haldinn á Hótel Sögu 5. september 2002.
- Námskeið í notkun Aleph-bókasafnskerfisins. Landskerfi bókasafna, 3.–4. júní og 5. desember.

Guðlaug Friðriksdóttir

- **Námskeið í bókbandi.**

Hallfríður Baldursdóttir

- Nám við Háskóla Íslands í latínu, spænsku og ítölsku.
- Námskeið við Málaskólann Mími; ítalska I–II.
- Námskeið við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands; Pílagrímaleiðin til Santiago de Compostela.
- Námsdvöl á Ítalíu, Urbana. Ágúst og september.
- Web of Science kynning Cameron Ross fyrir bókasafnsfræðinga. Haldin í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 11. mars 2002.

- Námskeið í notkun Aleph-bókasafnskerfisins. Landskerfi bókasafna, 5. júní og 12. desember 2002.

Helga Kristín Gunnarsdóttir

- Málþing um hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í kennslu og rannsóknnum við Háskóla Íslands. 3. maí 2002.
- Námskeið í notkun Aleph-bókasafnskerfisins. Landskerfi bókasafna, 4.–5. júní 2002.
- Upprifjunarnámskeið um html. Landsbókasafni 10. október 2002.

Hólmfríður Tómasdóttir

- Málþing Upplýsingar um faggáttir. Náum áttum í nýjum gáttum. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. febrúar 2002.
- Northern Countries. The First Partnership Conference held in Iceland. 19. mars 2002.
- Ársþing Þjóðræknisfélags Íslendinga í Norður-Ameríku haldið í Minneapolis, 19.–21. apríl 2002.
- Landsfundur Upplýsingar. Haldinn á Hótel Sögu 5. september 2002.
- Þing Þjóðræknisfélags Íslendinga, Borgartúni 6, 9. nóvember.
- Námskeið í notkun Aleph-bókasafnskerfisins. Landskerfi bókasafna, 5. desember 2002.

Jóhanna Júlíusdóttir

- Námskeið um bókband og viðgerðir.

Jökull Sævarsson

- 2. Íslenska söguþingið 30. maí – 2. júní 2002.
- Námskeið í notkun Aleph-bókasafnskerfisins. Landskerfi bókasafna, 18.–19. apríl 2002.

Kári Bjarnason

- „The seventh international seminar on the care and conservation of manuscripts.“ Málþing haldið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn, 18.–19. apríl 2002.

Kristín Bragadóttir

- Landsfundur Upplýsingar. Haldinn á Hótel Sögu 5. september 2002.
- Ráðstefna í miðaldafræðum á vegum „Haskins society“ við Cornell háskólann 17.–19. nóvember 2002.

María Huld Jónsdóttir

- Námskeið í notkun Aleph-bókasafnskerfisins. Landskerfi bókasafna, 3.–4. júní og 4. desember 2002.

Nanna Bjarnadóttir

- 30th International ISBN Agency Advisory Panel Meeting í Berlín 13.–15. október 2002.

Ragnheiður S. Aðalsteinsdóttir

- Námskeið í ítölsku við Háskóla Íslands.

Sigríður Lára Guðmundsdóttir

- Málþing Upplýsingar um faggáttir. Náum áttum í nýjum gáttum. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. febrúar 2002.
- Málþing um hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í kennslu og rannsóknum við Háskóla Íslands. 3. maí 2002.
- Námskeið í notkun Aleph-bókasafnskerfisins. Landskerfi bókasafna, 3.–7. júní og 4. desember 2002.
- Landsfundur Upplýsingar. Haldinn á Hótel Sögu 5. september 2002.
- NVBF's 5th Nordic Interlending Conference. Haldin á Hótel Loftleiðum 3.-5. október 2002.
- Fjarfundur um landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Iðntæknistofnun. 21. nóvember 2002.

Sjöfn Kristjánsdóttir

- Stefnumótunarvinna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Haldin í Hótel Borgarnesi 31. maí – 1. júní 2002.
- **Masternámskeiðið**

Sólveig Lind Ásgeirsdóttir

- Námskeið í ítölsku og bókasafnsfræði við Háskóla Íslands.

Stefanía Arnórsdóttir

- Málþing Upplýsingar um faggáttir. Náum áttum í nýjum gáttum. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. febrúar 2002.
- Þjóðskjalasafn. Kynningarfundur fyrir Félag skjalastjórnenda, 22. febrúar 2002.
- UT2002. Dreifnám fyrir alla. Menntaskólanum við Hamrahlíð, 1.–2. mars 2002.
- Grove tónlist og myndlist, námskeið í Listaháskólanum, 18. apríl 2002.
- Fyrirlestur Rachel Van Riel um leshópa í Borgarbókasafni – Aðalsafni, 23. apríl 2002.
- Fyrirlestur Rachel Van Riel um lestur í Hátíðarsal Háskóla Íslands, 23. apríl 2002.
- Skjala- og önnur upplýsingastjórn hjá fyrirtækjum og stofnunum (10.01.14-20). Námskeið í Háskóla Íslands á vormisseri 2002.
- Málþing um hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í kennslu og rannsóknum við Háskóla Íslands. 3. maí 2002.
- Námskeið í Khöfn 17.-28. júní 2002.
- Landsfundur Upplýsingar. Haldinn á Hótel Sögu 5. september 2002.
- Ráðstefna um barnameningu. Fyrirlesarar Maureen Nimon og Jean Webb, 13. september 2002.
- Kynning á PrioInfo, 24. október 2002.

Stefán Jón Sigurðsson

- **Námskeið í bókbandi.**

Sveinn Ólafsson

- UT2002. Dreifnám fyrir alla. Menntaskólanum við Hamrahlíð, 1.–2. mars 2002.

Þorleifur Jónsson

- 14th Meeting of the General Assembly of the ISSN International Centre, Paris, Unesco House, 24.–25. apríl 2002.
- Stefnumótunarvinna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Haldin í Hótel Borgarnesi 31. maí – 1. júní 2002.
- Stefnumótunarvinna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Framhaldsfundur haldin í Landsbókasafni 3. júlí 2002.
- Námskeið í notkun Aleph-bókasafnskerfisins. Landskerfi bókasafna, 3.–4. júní 2002.

Þorsteinn Hallgrímsson

- Fundur í Kaupmannahöfn, 7.–8. mars 2002.
- **Áttundi** fundur háskólabókavarda haldinn að Bifröst 8. mars 2002.
- TEL-ráðstefna í Frankfurt, 29.–30. apríl 2002.

Þóra Gylfadóttir

- „Fælleslicencier, initiering af fælles nordisk licienstegning.“ Fundir á vegum NORDBOK í Kaupmannahöfn 29. janúar 2002.
- Málþing Upplýsingar um faggáttir. Náum áttum í nýjum gáttum. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. febrúar 2002. [Var með erindi.]
- SiteBuilder námskeið Kieron Wise fyrir bókasafnsfræðinga. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 22. febrúar 2002. [Sá um skipulagningu.]
- UT2002. Haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð 1.-2. mars 2002. [Vann við sýninguna og kynnti landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.]
- Web of Science kynning Cameron Ross fyrir bókasafnsfræðinga. Haldin í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 11. mars 2002. [Sá um skipulagningu.]
- Hvar?is, námskeið fyrir bókasafnsfræðinga á vegum Endurmenntunar, 12. og 14. mars og 22. október. [Kennarar: Sólveig Þorsteinsdóttir og Þóra Gylfadóttir.]
- Grove Art&Music námskeið Timothy Corcoran fyrir bókasafnsfræðinga. Haldið í Listaháskóla Íslands 18. apríl 2002. [Sá um skipulagningu.]
- Stefnumótunarvinna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Haldin í Hótel Borgarnesi 31. maí – 1. júní 2002.
- SwetsnetNavigator málþing Peter Flodin fyrir bókasafnsfræðinga. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. júní 2002. [Sá um skipulagningu.]
- Landsfundur Upplýsingar. Haldinn á Hótel Sögu 5. september 2002. [Var með kynningu á hvar?is.]
- Málþing VestNord. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 29.-30. september 2002.
- NVBF's 5th Nordic Interlending Conference. Haldin á Hótel Loftleiðum 3.-5. október 2002. [Var með erindi ásamt Þornýju Hlynsdóttur.]
- PrioInfo málþing Ann Persson og Jakob Harnesk fyrir bókasafnsfræðinga. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 24. október 2002. [Sá um skipulagningu.]
- „Fælleslicencier, initiering af fælles nordisk licienstegning.“ Fundir á vegum NORDBOK í Kaupmannahöfn 6. maí 2002.

Þórir Ragnarsson

- Stefnumótunarvinna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Haldin í Hótel Borgarnesi 31. maí – 1. júní 2002.
- Stefnumótunarvinna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Framhaldsfundur haldin í Landsbókasafni 3. júlí 2002.

Þórný Hlynsdóttir

- „ILL in a Digital Age – Challenges – Barriers – Opportunities“, 5. ráðstefnu norræna rannsóknarbókavarða (NVBF) um millisafnalán, sem haldin var í Reykjavík 3.–5. október 2002. (Var í undirbúningsnefnd.)

Ögmundur Helgason

- 2. Íslenska söguþingið 30. maí – 2. júní 2002.

Örn Hrafnelsson

- 2. Íslenska söguþingið 30. maí – 2. júní 2002.

Félags- og nefndastörf

Anna María Sverrisdóttir

- Í stjórn Starfsmannafélags Þjóðarbókhlöðu.

Emilía Sigmarsson

- Aðalfulltrúi safnsins í stjórn Kvennasögusafns Íslands 1999–2002.
- Varamaður í fulltrúaráði Listahátíðar í Reykjavík 2002.

Hallfríður Baldursdóttir

- Ritari á aðalfundi Upplýsingar í Landsbókasafni 13. maí 2002.

Helga Kristín Gunnarsdóttir

- Í vinnuhópi safnsins um innleiðingu nýs bókasafnskerfis.
- Í starfshópi vegna undirbúnings kerfisskipta (starfmenn frá nokkrum Gegnissöfn-um undir forustu Sigrúnar Hauksdóttur).

Hildur Heimisdóttir

- Galdranótt í Þjóðarbókhlöðu. Opið hús á menningarnótt í Reykjavík 17. ágúst 2002.

Kristín Bragadóttir

- Fulltrúi Landsbókasafns í CULTIVATE til 1. maí 2002.

Nanna Bjarnadóttir

- Formaður stjórnar Þjónustumiðstöðvar bókasafna frá 1997.

- Í nefnd sem semja skal drög að reglugerð um skylduskil til safna. Nefndin skilaði uppkasti 27. september.

Stefanía Arnórsdóttir

- Galdranótt í Þjóðarbókhöfðu. Opið hús á menningarnótt í Reykjavík 17. ágúst 2002.
- Varaáheyrnarfulltrúi starfsmanna í stjórn safnsins.
- Í Vinnuhópi um notendafræðslu í háskólabókasöfnum frá 2002.

Sjöfn Kristjánsdóttir

- Galdranótt í Þjóðarbókhöfðu. Opið hús á menningarnótt í Reykjavík 17. ágúst 2002.
- Fulltrúi starfsmanna í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Sólveig Lind Ásgeirsdóttir

- Varatrúnaðarmaður starfsmanna í SFR 200?–200?.
- Fulltrúi 1. árs nema í skorarnefnd bókasafns- og upplýsingafræðiskorar.

Þorleifur Jónsson

- Í nefnd sem semja skal drög að reglugerð um skylduskil til safna. Nefndin skilaði uppkasti 27. september.

Þóra Gyldfadóttir

- Fulltrúi íslenskra almenningsbókasafna í NORDBOK verkefninu “Fælleslicienzer, initiering af fælles nordisk licienstegning” Fundir í nefndinni voru haldnir í Kaupmannahöfn 29. janúar og 6. maí 2002.
- Galdranótt í Þjóðarbókhöfðu. Opið hús á menningarnótt í Reykjavík 17. ágúst 2002. [Var í undirbúningshópi.]

Þórir Ragnarsson

- Í nefnd sem semja skal drög að reglugerð um skylduskil til safna. Nefndin skilaði uppkasti 27. september.

Þórný Hlynsdóttir

- Trúnaðarmaður fyrir starfsmenn í Félagi háskólakennara frá 2001.
- Fulltrúi starfsmanna í stjórn Félags háskólakennara frá 2001.
- Fulltrúi stjórnar Félags háskólakennara í Starfsmatsnefnd frá 2001.
- Fulltrúi stjórnar Félags háskólakennara í miðstjórn BHM frá 2002.
- Í stýrihóp um 5. norrænu millisafnaráðstefnu NVBF sem haldin verður í Reykjavík 2002.
- Í vinnuhóp til að móta starfs- og hæfnismat fyrir félagsmenn Félags háskólakennara í stjórnsýslu- og þjónustustörfum frá 20. september 2001, tilnefnd af Félagi háskólakennara.

Ritverk og erindi

Einar Sigurðsson

- Inngangsorð. *Ritmennt 7* (2002), s. 7–8. (Birtist einnig, en í eilítið breyttri mynd, í sérútgáfu Ritmenntar, *Þar ríkir fegurðin ein*, sem kom út á sama tíma.)
- Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Árbók Háskóla Íslands 2001. Rv. 2002. S. ???.
- [ritstj.] *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. 7.* Rv. 2002. 192 s. [Ritstjóri: Einar Sigurðsson. Ritnefnd: Kristín Bragadóttir, Þorleifur Jónsson, Ögmundur Helgason.] Kom samtímis sem sérútgáfa undir heitinu *Þar ríkir fegurðin ein – Öld með Halldóri Laxness.*)
- [ritstj.] Ársskýrslur 1994 – 1999. Rv. 2001.
- [ritstj.] Ársskýrsla 2000. Rv. 2002. 197 s. [Ásamt Erni Hrafnkelssyni.]
- [ritstj.] Ársskýrsla 2001. Rv. 2002. 79 s. [Ásamt Erni Hrafnkelssyni.]
- „Jaso, þú ert hættur í skóla.“ Samfylgd Halldórs Laxness og Landsbókasafns. *Lesbók Morgunblaðsins* 23. mars 2002, s. 8-9.
- Böðvar Kvaran 1919 – 2002. Minningarorð. *Morgunblaðið* 27. september 2002, s. 38-39.
- Gunnar Guðmundsson 1944 – 2002. Minningarorð. *Morgunblaðið* 8. mars 2002, s. ??.
- [ávarp] Ávarp landsbókavarðar á nýárssamkomu stjórnar og starfsmanna 2. janúar 2002.
- [ávarp] Náum áttum í nýjum gáttum. Málþing um faggáttir – efnisaðgang að stafrænum gögnum, haldið í Landsbókasafni, í samvinnu þess og Upplýsingu, 21. febrúar.
- [ávarp] *Þar ríkir fegurðin ein*. Opnum sýningar í Landsbókasafni, í tilefni af hundrað ára afmæli Halldórs Laxness, 23. mars.
- [ávarp] Móttaka í bókasal Þjóðmenningarhúss 21. maí, í tilefni af bókagjöf úr safni Torfa Hjartarsonar til Landsbókasafns.

Emilía Sigmarsson

- [ritstj.] *Bókasafnið*
- [ritstj. sýningarsskrár] *Þar ríkir fegurin ein*
- [ritstj. sýningarsskrár] *Íslandsmynd í mótun – áfangar í kortagerð*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2002. ?? s. (Ensk þýðing er birt samhliða).
- [kynnir] *Þar ríkir fegurðin ein*. Opnum sýningar í Landsbókasafni, í tilefni af hundrað ára afmæli Halldórs Laxness, 23. mars.

Hólmfríður Tómasdóttir

- Lýsir: myndlist í íslenskum handritum. *Bókasafnið* 26:3 (2002), s. 13–15.
- [erindi] Old Icelandic Material in the New World. Fyrirlestur við Manitobaháskóla, 4. apríl 2002.
- [erindi] Gamalt óútgefið íslenskt efni í Manitoba, Kanada. Kynning haldin í Þjóðarbókhöllu á verkefni unnu í rannsóknarleyfi 10. október 2002.

Jökull Sævarsson

- Laxness í leikgerð : leiksýningar, útvarpsleikrit, sjónvarpsmyndir og kvikmyndir byggðar á verkum Halldórs Laxness. *Ritmennt 7* (2002), s. 50–58. (Birtist einnig, en í eilítið breyttri mynd, í sérútgáfu Ritmenntar, *Þar ríkir fegurðin ein*, sem kom út á sama tíma.)

- Skrá um rit Halldórs Laxness á íslensku og erlendum málum : viðauki. *Ritmennt 7* (2002), s. 116-132. (Birtist einnig, en í eilítið breyttri mynd, í sérútgáfu Ritmenntar, *Þar ríkir fegurðin ein*, sem kom út á sama tíma.)
- Kortagerð. *Íslandsmynd í móttun – áfangar í kortagerð*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2002, s. 27-32. (Ensk þýðing er birt samhliða).

Kristín Bragadóttir

- Vestur-íslenskar bókmenntir. *Lesbók Morgunblaðsins* 24. ágúst 2002.
- [erindi] „A benefactor and a friend“ Um Íslandstengsl Williards Fiske. Á málstofu við Cornell háskólan, 20. nóvember 2002.
- [ritstj.] *Islandica. An annual relating to Iceland and the Fiske Icelandic Collection in Cornell University Library* frá 1998.
- [ritstj.] *Nordisk Kulturpolitisk Tidsskrift* 3:1–2 (2002).
- [ritstj.] *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns*. 7. Rv. 2002. 192 s. Efni þessa árgangs af Ritmennt birtist einnig sem sérrit undir heitinu *Þar ríkir fegurðin ein – Öld með Halldóri Laxness*. [Ritstjóri: Einar Sigurðsson. Ritnefnd: Kristín Bragadóttir, Þorleifur Jónsson, Ögmundur Helgason.]

Sjöfn Kristjánsdóttir

- Stefán Einarsson prófessor frá Höskuldstöðum. *Glettingur. Tímarit um austfirsk málefni* 12:2 (2002), s. 20–29.

Óskar Árni Óskarsson

- [þýð.] James Joyce. *Kötturinn og kölski*. Óskar Árni Óskarsson þýddi. Reykjavík: Bjartur, 2002.
- Nótt í miðborginni. *Símaskák 2002 mótið. Minningarmót Dans Hanssonar*, s. 52
- Frá höfundinum. [<http://www.bokmenntir.is/bokmenntavefurinn.nsf/pages/rithofundur0236>]

Stefanía Arnórsdóttir

- **Nafn greinar.** *Fregnir* 2002. Meðhöfundur: Ásdísi H. Hafstað
- [erindi] Kynning fyrir Vinnuhóp um notendafræðslu í háskólabókasöfnum um Upplýsingalæsi í ljósi námskeiðs í Kaupmannahöfn í júní.

Þorleifur Jónsson

- [ritstj.] *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns*. 7. Rv. 2002. 192 s. Efni þessa árgangs af Ritmennt birtist einnig sem sérrit undir heitinu *Þar ríkir fegurðin ein – Öld með Halldóri Laxness*. [Ritstjóri: Einar Sigurðsson. Ritnefnd: Kristín Bragadóttir, Þorleifur Jónsson, Ögmundur Helgason.]

Þóra Gyldfadóttir

- [erindi] „ILL at NULI before and after access to 7.500 E-journals“. Flutt á „ILL in a Digital Age – Challenges – Barriers – Opportunities“, 5. ráðstefnu norræna rannsóknarboðkavarða (NVBF) um millisafnalán, sem haldin Haldin á Hótel Loftleiðum, 3.–5. október 2002. [Meðhöfundur Þórný Hlynsdóttir.]
- [erindi] „Opnað upp á gátt“ hjá frændum okkar Dönnum. Málþing Upplýsingar um faggáttir: *Náum áttum í nýjum gáttum*. Haldið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 21. febrúar 2002.

- [viðtal] Stærsta bókasafnið er komið heim. *Morgunblaðið* 3. febrúar 2002. [Viðtal við Sólveigu Þorsteinsdóttur og Þóru Gylfadóttur.]
- [talnaefni] Heimsóknir á hvar?is maí 2001 - október 2002. *Fregnir* 27:3 (2002), s. 6.

Þórný Hlynsdóttir

- [erindi] „ILL at NULI before and after access to 7.500 E-journals“. Flutt á „ILL in a Digital Age – Challenges – Barriers – Opportunities“, 5. ráðstefnu norrænna rannsóknarbókavarda (NVBF) um millisafnalán, sem haldin Haldin á Hótel Loftleiðum, 3.–5. október 2002. [Meðhöfundur Þóra Gylfadóttir.]

Ögmundur Helgason

- Handrit Halldórs Laxness. Varðveisla þeirra og vistun í handritadeild Landsbókasafns. *Ritmennt* 7 (2002), s. 9–22. (Birtist einnig, en í eilítið breyttri mynd, í sérútgáfu Ritmenntar, *Þar ríkir fegurðin ein*, sem kom út á sama tíma.)
- [ritstj.] *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns*. 7. Rv. 2002. 192 s. Efni þessa árgangs af *Ritmennt* birtist einnig sem sérarit undir heitinu *Þar ríkir fegurðin ein – Öld með Halldóri Laxness*. [Ritstjóri: Einar Sigurðsson. Ritnefnd: Kristín Bragadóttir, Þorleifur Jónsson, Ögmundur Helgason.]
- [erindi] Halldór Laxness. 100 ára afmæli skáldsins. Íslendingafélagið í Árósum) 4. maí 2002.
- [erindi] Persónulegar heimildir og Netíð. 2. Íslenska söguþingið 30. maí – 2. júní 2002.
- [ávarp] Ávarp á athöfn að lokinni Laxnessgöngu Félags bókagerðarmanna á aldarafmælisdegi skáldsins (23. apríl), þar sem handritadeild var afhent margvíslegt handrita- og bréfasafn hjónanna Hallbjarnar Halldórssonar prentara og Kristínar Guðmundsdóttur hárgreiðslukonu, vinafólks Halldórs.

Útgáfurit safnsins

- *Húsgangur ...*
- *Ársskýrslur* 1994 – 1999. Landsbókasafn Íslands. Ársskýrsla 1994 (janúar – nóvember). Háskólabókasafn. Ársskýrsla 1994 (janúar – nóvember). Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Skýrsla um starfsemina desember 1994 – 1999. Rv. 2001. 197 s. [Fjölfaldað í litlu upplagi og lagt auk þess í rafrænu formi inn á *Inngang*.]
- *Ársskýrsla* 2000. Ritstjórn: Einar Sigurðsson (ábm.) og Örn Hrafnelsson. Rv. 2002. 89 s. [Fjölfaldað í litlu upplagi og lagt auk þess í rafrænu formi inn á *Inngang*.]
- *Ársskýrsla* 2001. Ritstjórn: Einar Sigurðsson (ábm.) og Örn Hrafnelsson. Rv. 2002. 79 s. [Fjölfaldað í titlu upplagi og lagt auk þess í rafrænu formi inn á *Inngang*.]
- *Ritmennt*. Ársrit Landssbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. 7. Rv. 2002. 192 s. Ritstjóri: Einar Sigurðsson. Ritnefnd: Kristín Bragadóttir, Þorleifur Jónsson, Ögmundur Helgason. Upplag 700. – 20. mars. [Kom samtímis sem sérútgáfa undir heitinu *Þar ríkir fegurðin ein – Öld með Halldóri Laxness*. Upplag 700.]
- Safnið gaf út 2001 níunda jólakortið af fimmtán þar sem birtar eru frumteikningar Tryggva Magnússonar af jólasveinunum. Í þetta sinn var það Skyrjarmur. Upplag:

??? — (útgáfudagur, nóv. eða des.). (Þetta gleymdist í árssk. 2001, en Guðrún Bj. Hefur þær uppl. Sem vantar.)

Sýningar og samkomur

Árið 2002 var að mörku leyti ólíkt hinum fyrri hvað varðar sýningar safnsins. Ein umfangsmikil sýning, *Þar ríkir fegurðin ein – öld með Halldóri Laxness*, stóð yfir frá mars 2002 til janúarloka 2003. Hún var á öllum sýningarsvæðum safnsins. Þar mátti sjá ásýndn skáldsins og persónur verka hans blasa við gestum og gangandi. Aðrar sýningar voru minni umleikis en eigi að síður áhugaverðar. Sýningin *Íslandsmynd í mótun – áfangar í kortagerð* sem er í Þjóðmenningarhúsinu er samstarfsverkefni Landmælinga Íslands, Seðlabanka Íslands og Landsbókasafns. Einnig hefur þjóðdeild safnsins séð um að leggja til efni í sýningakassa í bókasal Þjóðmenningarhússins.

Janúar –febrúar

Sýning um ævi og störf Bjargar C. Þorláksson, *Maður, lærðu að skapa sjálfan þig*, hófst 15. nóvember 2001 og stóð til febrúarloka 2002. Þar var lýst ævi og störfum dr. Bjargar í máli og myndum, og einnig gat að líta nokkra muni úr eigu hennar. Sjá nóvember 2001

Mars

Þar ríkir fegurðin ein – öld með Halldóri Laxness, sýning tileinkuð aldarafmæli skáldsins, en hann fæddist 23. apríl 1902, var opnuð 23. mars að viðstöddu fjölmenni. Ávörp fluttu Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands, Pétur Gunnarsson rithöfundur og Einar Sigurðsson landsbókavörður. Hamrahlíðarkórinn, undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur, flutti tónlist við ljóð eftir Halldór Laxness. *Ég býð þér dús mín elskulega þjóð*, lítil samantekt úr ljóðum skáldsins í umsjón Sveins Einarssonar. Flytjendur voru Steinun Ólína Þorsteinsdóttir, Felix Bergsson og Jakob Þór Einarsson. Undirleik annaðist Kristinn Árnason gítarleikari. Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, opnaði sýninguna. Kynnir var Emilía Sigmarsdóttir.

September

Lítill sýning um skáklistina stóð yfir dagana 14.–19. september. Sýningin var í tengslum við alþjóðlegt skákmót sem taflfélagið Hrókurinn stóð fyrir sömu daga.

Nóvember

Sýningin *Íslandsmynd í mótun – áfangar í kortagerð* var opnuð í Þjóðmenningarhúsinu 8. nóvember 2002 og mun standa í eitt ár. Á henni er fjallað um kortagerð Guðbrands Þorlákssonar Hóla biskups, Þórðar Þorlákssonar biskups í Skálholti, Björns Gunnlaugssonar og Þorvalds Thoroddsens. Einnig strandmælingar þær sem stundaðar voru hér á landi á síðara hluta 18. aldar og í byrjun 19. aldar.

Kort og munir á sýningunni koma frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Landmælingum Íslands, Seðlabanka Íslands, Stofnun Árna Magnússonar og Þjóðminjasafni Íslands.

Á dagskrá við opnun sýningarinnar flutti Ólafur Pálmason forstöðumaður bókasafns Seðlabanka Íslands erindi um þróun kortagerðar á Íslandi. Guðríður Sigurðardóttir settur forstöðumaður Þjóðmenningarhússins bauð gesti velkomna. Samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, opnaði sýninguna.

Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, voru stofnuð Samtök um barnamenningarhús. Að því tilefni voru tekin fram til sýningar elstu barnaljóð og barnasögur. Enn fremur myndskreyttar barnabækur eftir þekktu íslenska myndlistarmenn.

Desember

Í þjóðdeild safnsins var opnuð hinn 29. nóvember sýning á jólatrjám, jólatréskvæðum, jólaauglýsingum, jólabakstri og jólagjöfum. Elstu jólatrén voru fengin að láni hjá Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin átti m.a. að sýna þróun í gerð jólatrjáa og jólaskrauts frá fyrri hluta 19. aldar til dagsins í dag. Ýmsir smáhlutir, s.s. laufabrauð, silfurmunir, áhöld og góðgæti til baksturs skreyttu sýninguna. Í tilefni opunarinnar bauð safnið öllum starfsmönnum þess upp á smá góðgæti sem starfsmenn þjóðdeildar sáu um að framreiða. Lítil bæklingur ritaður af Önnu Höllu Björgvinsdóttur og Ingibjörgu Gísladóttur, starfsmönnum þjóðdeildar, fylgdi sýningunni.

Þjóðmenningarhúsið

Þjóðdeild Landsbókasafns hefur umsjón með sýningarkössum bókasalar Þjóðmenningarhússins. Eftirfarandi sýningar voru settar upp á árinu:

Vestur – íslenskar bókmenntir. Kynnt voru skáldin Guttormur J. Guttormsson, Jóhann Magnús Bjarnason, Jakobína Johnson, Júlíana Jónsdóttir, Stephan G. Stephansson og Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm og Káinn. Einnig var saga prentlistarinnar í máli og myndum jafnhliða Vesturheimssýningunni.

Sýningarröðin *Skáld mánaðarins* hófst haustið 2002. Hún er samstarfsverkefni Landsbókasafns, Þjóðmenningarhússins og skólavefjarins (skólavefurinn.is), og stendur hver sýning um mánaðartíma. Skáldin voru kynnt í þessari röð; Stephan G. Stephansson, Egill Skallagrímsson og Einar Sigurðsson í Eydölum. Gerð voru kynningarþjöld. Einnig voru dagskrár með upplestri og söng.

TÖFLUR

Tafla 1: Aðföng 2000–2002

<i>Skulduskil*</i>	2000	2001	2002
Kassar móttelnir	386	406	379
Kassar sendir til Akureyrar	90	81	80
Bækur (rit skráð sem bækur)	6.368	5.847	5.744
Tímarit (hefti)	10.507	9.315	8.142
Blöð (tölublöð)	8.126	7.185	7.128
Ársskýrslur	943	812	801
Veggspjöld	700	437	668
Landakort	65	166	80
Smælki	10.832	11.555	11.637
Hljóðrit	420	224	358

<i>Önnur aðföng</i>	2000	2001	2002
Íslensk tímarit, keypt	125	130	114
Íslensk tímarit, gjafir	40	40	45
Erlend tímarit, keypt í Lbs.	1.578	1.602	1.466
Erlend tímarit, keypt af stofnunum háskólans	100	80	70
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	900	870	850
Eldri árgangar tímarita	500	880	520
Geisladiskar (CD-ROM), titlar í áskrift	17	10	8
Aðgangur að gagnasöfnum um Netið, keyptur [†]			
Bækur, keyptar	9621 [‡]	4.277	3.761
Bækur, gjafir/ritaskipti [§]	3.464	3.742	6.528
Kort, keypt		257	
Myndbönd, keypt	306	204	158
Myndbönd, gjafir	21	5	29
Geisladiskar (CD-ROM), keyptir titlar, stakir	27	33	35
Geisladiskar (CD-ROM), gjafir	(3)	6	16
Hljóðrit, keypt	185	64	108
Hljóðrit, gjafir	(1)	3	34

* Hér eru talin þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Landsbókasafni. Að því er varðar dagblöðin eru þó talin fjögur eintök, en tvö eintök að því er varðar smælki, veggspjöld og hljóðrit.

† Sjá yfirlit um þetta efni framar, á s. ??.

‡ Inni í þessari tölu er bókasafn Þorsteins Jóseppssonar (um 5.000 bindi) sem keypt var á árinu. Það verður fellt inn í safnkostinn á næstu árum. – Sérprentasafn (svo og skýrslur o.fl.) úr eigu Þorleifs Einarssonar prófessors (um 11 hillumetrar) sem safnið festi kaup á er ekki talið hér með. Það verður fellt inn í safnkostinn síðar.

§ Hér eru aðeins talin rit skráð á árinu, en talsvert af gjafabókum var sett í tvítakasafn eða bíður skráningar. Allmikið af sérprentum og skyldu efni berst reglulega og er skráð í Greini/Gegni en bíður frágangs að öðru leyti.

Tafla 5: Millisafnalán 1995–2002

<i>Til bókasafnsins</i>	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Bækur, filmur o.fl.	1.077	1.209	1.262	1.561	1.367	1.163	1.138	984
Ljósrit	3.316	3.389	2.838	3.232	3.391	4.018	3.533	3.114
<i>Frá bókasafninu</i>								
Bækur, filmur o.fl.	467	252	275	368	298	432	329	321
Ljósrit	1.659	1.956	1.874	1.845	1.931	1.462	1.589	1.514
Samtals	6.519	6.806	6.249	7.006	6.987	7.075	6.589	5.933
<i>Vísitala</i>	<i>100</i>	<i>104</i>	<i>96</i>	<i>107</i>	<i>107</i>	<i>109</i>	<i>101</i>	<i>91</i>

<i>Hvaðan berast lánin?</i>	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Bretland	15,6%	14,4%	13,3%	13,9%	14,5%	14,4%	6,3%	6,4%
Danmörk	17,0%	16,4%	17,9%	32,8%	39,5%	36,6%	34,3%	35,3%
Noregur	32,8%	36,9%	27,3%	16,5%	13,4%	14,3%	8,8%	8,2%
Ísland	10,9%	10,6%	13,1%	10,6%	8,6%	11,9%	4,8%	7,1%
Svíþjóð	10,9%	8,0%	16,5%	14,6%	14,0%	10,7%	8,6%	6,0%
Finnland	7,2%	5,0%	6,7%	6,5%	5,5%	6,2%	4,8%	8,7%
Önnur lönd	5,5%	8,7%	5,2%	5,1%	4,5%	6,0%	32,3%	28,3%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Tafla 9: Upplýsingaþjónusta 1995–2002

Fjöldi gesta	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Frumkynning H.Í.	1.092	820	1.250	1.225	1.220	1.360	1.350	1.540
Framhaldskynning H.Í.	206	275	276	190	505	276	535	588
Aðrir skólar	365	463	153	186	45	–	80	310
Aðrir gestir	1.145	664	398	250	150	274	80	123
Samtals	2.808	2.222	2.077	1.851	1.920	1.910	2.045	2.561

Fjöldi hópa	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Frumkynning H.Í.	32	30	35	38	33	32	37	31
Framhaldsfræðsla	17	14	19	11	19	11	20	22
Aðrir skólar	15	22	8	15	3	0	5	10
Aðrir hópar	64	36	20	15	11	25	6	18
<i>Samtals</i>	128	102	82	79	66	68	68	81

Bæklingar	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Nýir titlar	13	15	25	24	14	12	15	11
endurútgáfa	1	8	8	28	31	33	33	34
Samtals	14	23	33	52	45	45	48	45

Tafla 10: Þjónusta í tón- og mynddeild 1997–2002

	1997	1998	1999	2000	2001	2002

Fyrirspurnir			28	30	40	48
Hljóðrit – hlustun	1.298	1.162	1.380	968	923	743
Hljóðsnældur – útlán			734	416	311	417
Myndbönd – áhorf	462	1.046	1.080	919	1.323	982
Myndbönd – útlán	5.745	1.587	1.976	2.526	4.116	4.999
Nótur – útlán	602	536	566	640	227	640
	8.107	4.331	5.764	5.499	6.940	7.829

Tafla 14: Rekstrargjöld 1995–2002 (í þús. króna)

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Laun	139.630	154.652	169.417	203.229	214.719	229.101	278.566	305.049
Ritakaup	77.588	47.752	44.295	62.609	58.964	82.503	106.791	69.989
Önnur gjöld	68.192	85.098	113.973	121.815	119.735	136.037	181.697	166.226
Samtals	285.410	287.502	327.685	387.653	393.418	447.641	567.054	541.264

<i>Hlutfallst.</i>	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Laun	48,9%	53,8%	51,7%	52,4%	54,6%	51,2%	49,1%	56,4%
Ritakaup	27,2%	16,6%	13,5%	16,2%	15,0%	18,4%	18,8%	12,9%
Önnur gjöld	23,9%	29,6%	34,8%	31,4%	30,4%	30,4%	32,0%	30,7%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%